

# HAGFRÆÐISTOFNUN HÁSKÓLA ÍSLANDS

---

Hagfræðistofnun Háskóla Íslands

Aragötu 14

Sími: 525 4500/525 4553

Fax: 525 4096

Heimasíða: [www.ioes.hi.is](http://www.ioes.hi.is)

Tölvufang: [ioes@hag.hi.is](mailto:ioes@hag.hi.is)

**Skýrsla nr. C03:03**

## **Einkavæðing á Íslandi 1992-2003**

**Skýrsla unnin fyrir forsætisráðuneytið**

**Apríl 2003**

## Formáli

Þessi skýrsla um framgang einkavæðingar á Íslandi árabilið 1992-2003 og áhrif hennar var unnin fyrir forsætisráðuneytið á tímabilinu desember 2002 til mars 2003. Skýrslan var unnin af dr. Friðriki Má Baldurssyni og Guðmundi Sigfinnsyni, B.Sc. Þóra Helgadóttir hagfræðinemi sá um frágang á skýrslunni.

Hagfræðistofnun í apríl 2003

-----  
Tryggvi Þór Herbertsson,  
forstöðumaður

## Efnisyfirlit

<b>MYNDALISTI .....</b>	<b>3</b>
<b>TÖFLULISTI .....</b>	<b>3</b>
<b>INNGANGUR .....</b>	<b>4</b>
<b>1 UMFANG OG EFNAHAGSLEGAR AFLEIÐINGAR EINKAVÆÐINGAR ...</b>	<b>5</b>
1.1    ÁHRIF EINKAVÆÐINGAR Á REKSTUR FYRIRTÆKJA .....	6
1.2    HEILDARÁHRIF EINKAVÆÐINGAR .....	9
1.3    UMFANG EINKAVÆÐINGAR Á ÍSLANDI .....	10
<b>2 EINKAVÆÐING RÍKISFYRIRTÆKJA Á ÍSLANDI.....</b>	<b>14</b>
2.1 EINKAVÆÐING 1991-1995 .....	16
2.1.1 <i>Prentsmiðjan Gutenberg hf.</i> .....	17
2.1.2 <i>Framleiðsludeild ÁTVR</i> .....	18
2.1.3 <i>Ríkisskip</i> .....	18
2.1.4 <i>Ferðaskrifstofa Íslands hf.</i> .....	19
2.1.5 <i>Jarðboranir hf.</i> .....	20
2.1.6 <i>Meningarsjóður</i> .....	22
2.1.7 <i>Þróunarfélag Íslands hf.</i> .....	22
2.1.8 <i>Íslensk endurtrygging hf.</i> .....	24
2.1.9 <i>Rýni hf.</i> .....	25
2.1.10 <i>SR-mjöl hf.</i> .....	26
2.1.11 <i>Þormóður rammi hf.</i> .....	27
2.1.12 <i>Lyfjaverslun Íslands hf.</i> .....	28
2.2 EINKAVÆÐING 1996-1999 .....	30
2.2.1 <i>Þörungaverksmiðjan hf.</i> .....	30
2.2.2 <i>Skýrr hf.</i> .....	31
2.2.3 <i>Bifreiðaskoðun hf.</i> .....	34
2.2.4 <i>Íslenska járnblendifélagið hf.</i> .....	35
2.2.5 <i>Íslenskur markaður hf.</i> .....	37
2.2.6 <i>Fjárfestingarbanki atvinnulífsins hf.</i> .....	38
2.2.7 <i>Íslenskir aðalverktakar hf.</i> .....	40
2.2.8 <i>Stofnfiskur hf.</i> .....	42
2.2.9 <i>Skólavörubúð Námsgagnastofnunar</i> .....	43
2.2.10 <i>Áburðarverksmiðjan hf.</i> .....	44
2.2.11 <i>Hólalax hf.</i> .....	45
2.2.12 <i>Búnaðarbanki Íslands hf.</i> .....	46
2.2.13 <i>Landsbanki Íslands hf.</i> .....	47
2.3 EINKAVÆÐING 2000-2003 .....	49
2.3.1 <i>Intís hf.</i> .....	49
2.3.2 <i>Kísiliðjan hf.</i> .....	50
2.3.3 <i>Landssími Íslands hf.</i> .....	51
2.3.4 <i>Steinullarverksmiðjan hf.</i> .....	53
<b>HEIMILDASKRÁ: .....</b>	<b>55</b>

## Myndalisti

Mynd 1.1. Söluverðmæti einkavæðdra fyrirtækja .....	5
Mynd 2.1. Gengispróun hlutabréfa í Jarðborunum hf. árin 1993-2003 .....	21
Mynd 2.2. Gengispróun hlutabréfa í Þróunarfélagi Íslands hf. árin 1995-2003 .....	23
Mynd 2.3. Gengispróun hlutabréfa í SR-mjöl hf. árin 1995-2003 .....	27
Mynd 2.4. Gengispróun hlutabréfa í Þormóði ramma hf. árin 1995-2003 .....	28
Mynd 2.5. Gengispróun hlutabréfa í Lyfjaverslun Íslands hf. ....	29
Mynd 2.6. Ársvelta Þörungaverksmiðjunnar árin 1993-2002 .....	31
Mynd 2.7. Gengispróun hlutabréfa í Skýrr hf. árin 1999-2003 .....	33
Mynd 2.8. Samanburður á gengispróun tæknifyrirtækja júlí 1999 til janúar 2003.....	33
Mynd 2.9. Gengispróun hlutabréfa í Íslenska járnblendifélaginu hf. ....	36
Mynd 2.10. Gengispróun hlutabréfa í Íslenskum aðalverktökum hf. ....	41
Mynd 2.11. Gengispróun hlutabréfa í Búnaðarbanka Íslands hf. ....	47
Mynd 2.12. Gengispróun hlutabréfa í Landsbanka Íslands hf. ....	48

## Töflulisti

Tafla 1.1. Tekjur ríkissjóðs af einkavæðingu 1992 – 2003.....	11
Tafla 1.2. Einkavæðing 1992-2003. Yfirlit um seld fyrirtæki .....	13
Tafla 2.1. Helstu tölur úr reikningum Prentsmiðjunnar Gutenbergs hf. ....	18
Tafla 2.2. Helstu kennitölur úr reikningum Ferðaskrifstofu Íslands hf. ....	19
Tafla 2.3. Helstu tölur úr reikningum Jarðborana hf. ....	21
Tafla 2.4. Helstu tölur úr reikningum Þróunarfélags Íslands hf. ....	23
Tafla 2.5. Stærstu hluthafar að Íslenskri endurtryggingu árið 1992 .....	24
Tafla 2.6. Stærstu hluthafar að Íslenskri endurtryggingu hf. árið 1993 .....	25
Tafla 2.7. Helstu lykiltölur úr reikningum Íslenskrar endurtryggingar hf. ....	25
Tafla 2.8. Helstu lykiltölur úr reikningum SR-mjöls hf. ....	27
Tafla 2.9. Helstu tölur úr reikningum Þormóðs ramma hf. ....	28
Tafla 2.10. Helstu tölur úr reikningum Lyfjaverslunar Íslands hf. ....	30
Tafla 2.11. Helstu tölur úr reikningum Skýrr hf. ....	34
Tafla 2.12. Helstu tölur úr reikningum Bifreiðaskoðunar Íslands hf. ....	35
Tafla 2.13. Helstu tölur úr reikningum Íslenska járnblendifélagsins hf. ....	37
Tafla 2.14. Helstu tölur úr reikningum Íslenskra aðalverktaka hf. ....	42
Tafla 2.15. Helstu eigendur Stofnfisks hf. í árslok 2002 .....	43

## **Inngangur**

Á síðustu tveimur áratugum hefur fjöldi fyrirtækja í opinberri eigu um heim allan verið einkavæddur. Viðhorf til einkavæðingar hafa breyst mikið síðustu ár allt frá þeim efasemdum sem mættu Thatcher stjórninni í Bretlandi, er hún hóf sölu ríkisfyrirtækja til einkaaðila í upphafi níunda áratugar 20. aldar, til þeirrar almennu skoðunar að starfsemi sem byggist á sölu vöru og þjónustu sé best komin í höndum einkaaðila. Þróunin fór síðar af stað hér en víðast annars staðar, en þó hefur fjöldi fyrirtækja verið einkavæddur og nemur samanlagt söluverðmæti þeirra, fært til verðlags í janúar 2003, um 61 milljarði króna.

Ekki liggja fyrir rannsóknir á einkavæðingu og afleiðingum hennar hér á landi, en erlendis hefur verið unnið að slíkum rannsóknum af kappi á síðustu árum og liggja fyrir tugir birtra greina og skýrslna um efnið. Markmiðið með þessari skýrslu, sem er unnin að beiðni forsætisráðuneytisins, er að leggja grunninn að íslenskum rannsóknum á einkavæðingu með því að gefa yfirlit yfir sögu hennar hér á landi og safna saman fyrirliggjandi gögnum um þau fyrirtæki sem hafa verið einkavædd. Ekki er gerð nein greining á einstökum fyrirtækjum eða áhrifum á efnahagslífið í heild.


Í næsta kafla er farið stuttlega yfir einkavæðingu og efnahagslegar afleiðingar hennar. Fyrst er litið til annarra landa og farið yfir niðurstöður erlendra rannsókna um áhrif einkavæðingar á rekstur fyrirtækja, fjármálamarkaði og efnahagslífið í heild. Síðan er farið stuttlega yfir þróunina á Íslandi.

Í þriðja kafla skýrslunnar er síðan rakin saga einkavæðingar á Íslandi. Farið er yfir þau fyrirtæki sem ríkið hefur selt og afdrif þeirra eftir einkavæðingu. Safnað hefur verið gögnum um fyrirtækin eins og kostur er og leitað fanga í opinberum gögnum hjá fyrirtækjunum sjálfum. Eðlilega liggja þó bestar heimildir fyrir um þau fyrirtæki sem skráð eru í Kauphöll Íslands.

## 1 Umfang og efnahagslegar afleiðingar einkavæðingar

Á síðustu tveimur áratugum hafa um 100 lönd einkavætt opinber fyrirtæki. Samanlagðar tekjur ríkissjóða um allan heim af einkavæðingu náðu hámarki árin 1997-1999 þegar þær námu um og yfir 140 milljörðum bandaríkjadala árlega (mynd 1.1). Uppsafnaðar tekjur af einkavæðingu nema nú um 1.200 milljörðum bandaríkjadala, eða um 100.000 milljörðum króna. Um tveir þriðju koma til vegna einkavæðingar í ríkjum OECD. Uppsafnað söluerðmæti er um 3% af vergri landsframleiðslu eins árs í OECD ríkjunum, en hlutfallið er mun hærra í einstökum ríkjum. Í þeim hópi eru fyrrum austantjaldsríki eins og Ungverjaland (27%) og Pólland (15%), en einnig ríki á borð við Portúgal (26%), Ástralíu (20%) og Nýja Sjáland (18%). Á Íslandi nemur þessi fjárhæð (1992-2002) um 8%, sem er svipað og á Ítalíu og í Finnlandi.<sup>1</sup>

Mynd 1.1. Söluerðmæti einkavæðdra fyrirtækja



<sup>1</sup> Tölur fengnar úr Mahboobi (2001).

Yfirlýst markmið flestra ríkisstjórna með einkavæðingu hafa verið eftirfarandi:<sup>2</sup>

- Tekjuöflun fyrir hið opinbera
- Bætt rekstrarhagkvæmni
- Minni afskipti hins opinbera
- Viðtækari hlutabréfaeign
- Aukin samkeppni
- Aðhald markaðar að fyrirtækjum, sem áður voru að fullu í opinberri eigu
- Efling fjármálamarkaða

Yfirleitt er byrjað að einkavæða fyrirtæki í þeim geirum þar sem þegar ríkir samkeppni, t.d. iðnaði og fjármálastarfsemi. Í öðrum greinum, t.d. í fjarskipta og orkugeiranum, þarf oft að gera ýmsar skipulagsumbætur áður en fyrirtæki eru einkavædd, t.d. koma á lagaumhverfi sem stuðlar að samkeppni og tryggja nægjanlegt eftirlit og aðhald að fyrirtækjum í einokunarstöðu. Einkavæðing slíkra fyrirtækja er því flóknari og vandasamari en t.d. iðnfyrirtækja. Í OECD hefur engu að síður mestra tekna verið aflað með sölu fjarskiptafyrirtækja, eða um þriðjungs af heildinni, en þar hefur einkavæðingin gerst samhliða skipulagsumbótum, hraðfara tækniþróun og markaðsvæðingu geirans. Orku- og veitufyrirtæki (*utilities*) og samgöngufyrirtæki hafa einnig verið einkavædd í miklum mæli á síðari árum. Langalgengasta aðferðin við einkavæðingu í OECD ríkjunum er sala hlutabréfa í ríkisfyrirtækjum og falla um tveir þriðju af tekjum af einkavæðingu til með þeim hætti.

### 1.1 Áhrif einkavæðingar á rekstur fyrirtækja

Mikill fjöldi rannsókna hefur verið gerður á áhrifum einkavæðingar á framleiðni, stjórnun og aðrar hliðar einkavæðingar og á rekstri þeirra fyrirtækja sem hafa verið einkavædd. Draga má niðurstöður þessara rannsókna saman á eftirfarandi veg:<sup>3</sup>

1. Einkavæðing undangengin 20 ára hefur dregið verulega úr umfangi ríkisrekinnna fyrirtækja í efnahagslífi flestra landa. Þannig lækkaði hlutdeild slíkra fyrirtækja í framleiðslu ríkja heims úr rúmum 10% árið 1979 í innan við 6% árið 2000.

---

<sup>2</sup> Flest þessara atriða má styðja hagfræðilegum rökum. Sjá t.d. López-Calva og Sheshinski (2000).

2. Það hefur verið sýnt fram á það með fjölda rannsókna á fyrirtækjum í öllum heimsálfum að fyrirtæki í einkaeigu eru almennt betur rekin heldur en sambærileg fyrirtæki í opinberri eigu. Vísbendingar, sérstaklega frá Kína, eru um að hægt sé að bæta rekstur og framleiðni með skipulagsbreytingum af öðru tagi (frjálsri verðlagningu, aukinni samkeppni og notkun fjárhagslegra hvata gagnvart stjórnendum), en líklegt er að enn frekari árangri mætti ná með einkavæðingu. Ennfremur eru vísbendingar um það að þó að fyrirtæki eða félög séu aðeins einkavædd að hluta hafi það strax jákvæð áhrif ef að til staðar er virkur hlutabréfamarkaður sem veitir fyrirtækjunum aðhald.<sup>4</sup>
3. Ríkisstjórnir beita þremur meginaðferðum við einkavæðingu: sölu hlutabréfa, sölu eigna og dreifingu ávísana á hlutabréf í ríkisfyrirtækjum (s.k. *voucher privatisation* eða *mass privatisation*). Síðastnefnda aðferðin, sem er síst frá hagfræðilegu sjónarhorni, hefur eingöngu verið notuð í umbreytingaríkjum (fyrrum austantjaldsríkjum) þar sem vart hefur verið völ á annarri aðferð.
4. Almennt er reynt að ná jafnvægi milli efnahagslegra, stjórnmálalegra og fjármálalegra sjónarmiða þegar ákveðnar eru aðferðir og kjör í hlutafjárútboðum fyrirtækja sem á að einkavæða. Oftast er verðlagning í lægri kantinum (sérstaklega í frumútboðum) og síðan eru hlutabréf boðin ákveðnum markaðilum, oft til að reyna að fá innlenda kaupendur. Starfsmenn fyrirtækjanna njóta oftast betri kjara en aðrir. Ríkisstjórnir halda gjarnan eftir s.k. „gullnum“ hlutum sem gefa þeim neitunarvald í stjórnnum fyrirtækjanna og stundum eru sett takmarkandi ákvæði af ýmsu tagi í samþykktir þeirra.
5. Eins og fram kemur í tölulíð 2 þá hefur einkavæðing skilað góðum árangri hvað varðar hagkvæmni í rekstri. Það sýnir sig einnig að fjárfestingar fyrirtækjanna aukast og fjárhagsleg staða þeirra batnar. Niðurstöður eru ekki einhlítar hvað varðar fjölgun eða fækkun starfsmanna að einkavæðingu lokinni, en útkoman er augljóslega háð því hvort fyrirtækin ná að auka framleiðslu sína hraðar en þau auka framleiðni. Flestar rannsóknir sýna fækkun starfsmanna, en þrjár stórar kannanir komast að þeirri niðurstöðu að starfsmönnum fjölgi (sjá t.d. hér að aftan). Vísbendingar eru einnig um að betri árangur náist ef nýjir stjórnendur með reynslu af rekstri einkafyrirtækja eru fengnir að rekstri fyrirtækjanna.

---

<sup>3</sup> Sjá yfirlitsgrein Megginson og Netter (2001).

<sup>4</sup> Um síðasttalda atriðið sjá Gupta (2002).



6. Yfirleitt hækka hlutabréf einkavæddra fyrirtækja töluvert umfram almennar verðbreytingar á hlutabréfum frá útboði til fyrstu markaðsviðskipta og hækkunin er almennt meiri en gerist í hlutafjárútboðum einkafyrirtækja. Miklar hækkunir á hlutabréfaverði árin 1995-2000 hafa hins vegar gengið að miklu leyti til baka og það á einnig við um mörg hinna einkavæddu fyrirtækja, e.t.v. sérstaklega fjarskiptafyrirtæki. Engu að síður hefur verð á hlutabréfum einkavæddra fyrirtækja hækkað hlutfallslega umfram önnur fyrirtæki þegar litið er til lengri tíma.
7. Hlutabréfamarkaðir hafa vaxið og dafnað betur í löndum sem hafa einkavætt í miklum mæli með sölu hlutabréfa, en í þeim löndum sem hafa ekki einkavætt fyrirtæki eða hafa einkavætt með sölu eigna (Bandaríkin undanskilin). Einkavædd fyrirtæki eru víða eitt af tveimur eða þremur verðmætustu fyrirtækjunum í flestum löndum utan Bandaríkjanna og tíu stærstu (og þrjátíu af þrjátíu og fimm stærstu) hlutabréfaútgáfur í sögu fjármálamarkaða hafa tengst einkavæðingu.
8. Vísbendingar eru um að umbætur verði í stjórnarfarum fyrirtækja (þ.e.a.s. lögum, reglum og venjum þeim er lúta að rekstri fyrirtækja – *corporate governance*) samhliða einkavæðingu. Erfitt er að mæla slíkt, en ljóst er að einkavæðingu fylgja umbætur á lögum og reglum um verðbréfamarkaði, reglum um upplýsingagjöf og fleiri slíkum reglum sem nauðsynlegar eru nútíma fjármálamörkuðum.

Það hefur einnig verið rannsakað hvernig ýmis einkenni fyrirtækja og rekstrarumhverfi þeirra hefur áhrif á árangur þeirra eftir einkavæðingu. Í viðamikilli rannsókn á hundrað og átján fyrirtækjum í tuttugu og níu löndum og tuttugu og átta atvinnugreinum kom í ljós að þroskaðir fjármálamarkaðir, sem veita fyrirtækjunum aðhald, lítill eignaraðild starfsmanna og hins opinbera, en mikil eignaraðild erlendra aðila stuðla að góðum árangri (á mælikvarða aukinnar framleiðni og arðsemi).<sup>5</sup> Í samræmi við aðrar rannsóknir kom í ljós að framleiðni jókst og arðsemi batnaði, en einnig sýndi það sig að þessi árangur náðist án þess að störfum í fyrirtækjunum fækkaði.

---

<sup>5</sup> D'Souza, Megginson og Nash (2001).

## 1.2 Heildaráhrif einkavæðingar

Þær niðurstöður um áhrif einkavæðingar sem dregnar hafa verið saman hér að framan varða að mestu fyrirtækin sjálf. Að gefnum jákvæðum niðurstöðum um rekstrarhagkvæmni þá virðist það líklegt að áhrif á efnahagslíf þeirra landa þar sem vel tekst til séu einnig jákvæð. Þetta er þó ekki fyrirfram gefið og þarf að kanna sérstaklega.

Til lengri tíma litið er það hagvöxtur sem skiptir mestu máli hvað varðar lífskjör þjóða. Í nýrri rannsókn sérfræðinga OECD kemur fram að einkavæðing og önnur skipulagsatriði sem stuðla að aukinni hagkvæmni og aukinni samkeppni í efnahagslífi OECD ríkjanna stuðla að aukinni heildarframleiðni og búa þannig í haginn fyrir langtímahagvöxt.<sup>6</sup> Raunar er munur á eignaraðild hins opinbera á fyrirtækjum talinn ein mikilvægasta skýring þess hve mikill munur hefur verið á hagvexti innan ríkja OECD á síðustu árum. Talið er að ef lönd þar sem ríkið á stóran hluta atvinnulífsins lækkuðu þetta hlutfall í þrepum á tíu árum í það sem viðgengst að jafnaði í OECD ríkjunum þá gæti heildarframleiðni aukist um 0,7 prósentustig árlega, sem þýðir að hagvöxtur yfir svipað tímabil ætti að geta hækkað sem því nemur.<sup>7</sup> Á einum áratug getur því kaupmáttur í landi sem fylgir slíkri stefnu batnað um 7% umfram lönd sem halda uppi óbreyttri stefnu.

Ekki liggja fyrir miklar rannsóknir á áhrifum einkavæðingar á ríkisfjármál. Í nýlegri rannsókn á átján umbreytinga- og þróunarríkjum kemur þó fram að tekjum ríkjanna af einkavæðingu síðasta áratug var almennt varið til að lækka skuldir.<sup>8</sup> Jafnframt voru vísbendingar um að afkoma ríkissjóðs hefði batnað. Ennfremur bentu niðurstöður til þess að aukinn hagvöxtur og fjölgun starfa væru fylgifyiskar einkavæðingar. Atvinnuleysi minnkaði yfirleitt í kjölfar einkavæðingar, en bent er á að einstakir hópar launþega geti borið skarðan hlut frá borði, a.m.k. tímabundið. Mjög svipaðar niðurstöður koma fram í nýrri könnun á OECD ríkjunum.<sup>9</sup>

---

<sup>6</sup> Nicoletti og Scarpetta (2003).

<sup>7</sup> Höfundar nefna sérstaklega Finnland, Grikkland, Austurríki, Frakkland og Ítalíu, sem dæmi um slík lönd. Ísland er ekki með í þessari könnun.

<sup>8</sup> Barnett, Davis, Ossowski og Richardson (2000).

<sup>9</sup> Katsoulakos og Likoyanni (2002).

### 1.3 Umfang einkavæðingar á Íslandi

Á undanförunum árum hafa ríkisfyrirtæki verið einkavædd á Íslandi, líkt og í öðrum löndum. Þegar litið er til tekna ríkissjóðs af einkavæðingu kemur í ljós að Ísland er í hópi þeirra ríkja sem hafa einkavætt hvað mest og nemur uppsafnað söluverðmæti einkavæddra fyrirtækja, fært til verðlags í janúar 2003, um 61 milljörðum króna eða um 8,1% af landsframleiðslu eins árs.<sup>10</sup> Sem hlutfall af árstekjum ríkissjóðs nemur salan um fjórðungi. Ferlið fór fremur hægt af stað um og upp úr 1991 (sjá töflu 1.1), en líkt og víða annars staðar jókst umfangið þegar leið á áratuginn. Ferlið líktist því sem gerst hefur í öðrum löndum þar sem byrjað var á að einkavæða iðnfyrirtæki og smærri þjónustufyrirtæki sem störfuðu þegar í samkeppnisumhverfi. Síðan kom röðin að ríkisbönkunum, enda hafa fjármálamarkaðir, samkeppni á þeim og öll starfsskilyrði þroskast hratt á síðustu árum og öll efnahagsleg rök mæltu með einkavæðingu. Vegna smæðar markaðarins er augljóslega enn vandasamara að einkavæða fyrirtæki í markaðsráðandi stöðu hér á landi en annars staðar og því þarf að vanda vel til verka svo ætluð hagræðing komi fram í reynd.

Þróunin hér á landi er frábrugðin því sem gerst hefur víðast annars staðar að því leyti að söluverðmætið náði hámarki á árinu 2002, en a.m.k. í OECD löndunum dró mjög úr umfanginu árið 2001 frá því sem áður var og líklegt er að sú þróun hafi haldið áfram á síðasta ári.<sup>11</sup> Þar kemur aðallega tvennt til: annars vegar almennur samdráttur í efnahagslífi og lækkun á verði hlutabréfa sem hófst árið 2000 og hins vegar er einfaldlega minna eftir til að selja í kjölfar bylgjunar sem reis árin 1990 – 2000 og náði hámarki árið 1999.

Það er einnig ólíkt með Íslandi og öðrum löndum hve bankar hafa verið hátt hlutfall af heildinni, en söluverðmæti ríkisbankanna árin 1998-1999 og 2002-2003 nam alls 53,5 milljörðum króna á verðlagi í janúar 2003, eða 88% af heildarverðmæti einkavæddra fyrirtækja árin 1992-2003 (sjá töflu 1.1). Eins og áður sagði eru það fyrirtæki í fjarskiptageiranum sem standa að baki langstærstri hlutdeild í söluverðmæti einkavæddra fyrirtækja í OECD ríkjum og orku- og veitufyrirtæki eru einnig hátt hlutfall. Sala hlutabréfa í Landssíma Íslands hf. fór seint af stað miðað við það sem

<sup>10</sup> Prósentutalan er fengin með því að leggja saman tölurnar í þriðja dálki töflu 1.

<sup>11</sup> Mahboobi (2002).

gerðist víðast annars staðar og galt fyrir tímasetninguna því salan mistókst; aðeins seldust um 2,5% hlutfjár í útboði árið 2000 og ríkið á nú 99% í fyrirtækinu. Orkufyrirtæki eru enn alfarið í eigu ríkis og bæja. Fyrirtæki af þessu tagi, sem eru víðast komin í hendur einkaaðila, eru því enn í opinberri eigu hér á landi. Í þeim felast mikil verðmæti: svo dæmi sé tekið má ætla að verðmæti eignarhluta ríkisins í Landssíma Íslands og Landsvirkjun nemi mörgum tugum milljarða.

**Tafla 1.1. Tekjur ríkissjóðs af einkavæðingu 1992 – 2003**

Söluverð einkavæddra fyrirtækja					
	Mkr, verðlag hvers árs	Mkr á verðlagi í janúar 2003	Hlutfall af landsframleiðslu	Hlutfall af tekjum ríkissjóðs*)	
1992	815	1.136	0,2	0,8	
1993	752	1.007	0,2	0,8	
1994	314	414	0,1	0,3	
1995	241	312	0,1	0,2	
1996	-	-	-	-	
1997	171	213	0,0	0,1	
1998	6.105	7.484	1,1	3,4	
1999	16.542	19.604	2,7	7,4	
2000	64	72	0,0	0,0	
2001	733	776	0,1	0,3	
2002	17.256	17.419	2,2	6,5	**) )
2003	12.536	12.536	1,5	4,7	***) )
Samtals	55.528	60.973	8,1	24,6	

\*) Miðað við rekstrargrunn

\*\*) Miðað við áætlun í fjárlagafrumvarpi f. 2003

\*\*\*) Miðað við fjárlagafrumvarp f. 2003

Ekki hafa verið gerðar rannsóknir hér á landi á áhrifum einkavæðingar á framleiðni fyrirtækja eða á efnahagslífið í heild. Ef marka má reynslu annarra þjóða má reikna með að áhrifin hafi verið og verði jákvæð. Af fyrirliggjandi upplýsingum má ráða að t.d. velta og starfsmannafjöldi hafi aukist í flestum fyrirtækjunum (sjá töflu 1.2). Það er þó erfitt að draga ályktanir um áhrif einkavæðingar af þessum tölum einum saman, því til að meta slík áhrif þarf að bera saman þróun hjá fyrirtækjum sem voru einkavædd og öðrum sambærilegum fyrirtækjum, sem hafa verið einkarekin yfir lengra tímabil. Ennfremur hafa fyrirtækin í mörgum tilvikum sameinast öðrum fyrirtækjum, sem þýðir að væntanlega hefur verið hagrætt tölvert í rekstri, en

jafnframt gerir það greiningu á áhrifum erfiðari. Það ber einnig að hafa í huga að mjög skammur tími er liðinn frá því að stærstu fyrirtækin voru einkavædd: mælt í krónum þá fóru 95% sölunnar fram árin 1998-2003 og um helmingur árin 2002-2003. Það er því líklegt að mikill ávinningur hvað varðar betri rekstur og aukna framleiðni eigi eftir að skila sér á næstu árum af þeirri einkavæðingu sem þegar hefur farið fram.

Þótt ekki liggi fyrir tölur um umfang opinbers rekstrar á Íslandi til samanburðar við OECD ríkin er ljóst að hér á landi standa ríki og bæjarfélög enn í verulegum mæli fyrir rekstri þeirrar gerðar sem er í höndum einkaaðila í flestum samanburðarlöndum. Þar má nefna fjarskipti og orku- og veitustarfsemi ýmiss konar. Ef mark er tekið á fyrirliggjandi rannsóknum á Ísland því enn eftir að sækja töluverðan hagvöxt til einkavæðingar.

**Tafla 1.2. Einkavæðing 1992-2003. Yfirlit um seld fyrirtæki**

Yfirlit um seld fyrirtæki							
Fyrirtæki	Söluár	% af heildarhlutafé	Söluverð (m.kr.)	(fast verðlag ársins 2001 í m.kr.)	(fast verðlag ársins 2001 í m.kr.)	Starfsmenn þá	Starfsmenn nú
Prentsmiðjan Gutenberg hf.	1992	100	86	291 (árið 1991)	203 (árið 2000)	62	76
Framleiðsludeild ÁTVR	1992	100	19	...	...	...	...
Ríkisskip (eignasala)	1992	100	350	...	...	...	...
Ferðaskrifstofa Íslands hf.	1992	33,33	19	733 (árið 1991)	3.589	79	100
Jarðboranir hf.	1992-	50	93	270 (árið 1991)	996	30	66
Meningarsjóður	1992	100	26	...	...	...	...
Próunarfélag Íslands hf.	1992	29	130	137 (árið 1993)	-1.429 (tap)	...	...
Íslensk endurtrygging hf.	1992	36,5	162	395	106	...	...
Rýni hf.	1993	100	4	...	...	...	...
SR-mjöl hf.	1993	100	725	2.138	4.523	135	120
Þormóður rammi hf.	1994	16,6	89	1.466	5.336	212	250
Lyfjaverslun Íslands hf.	1994-95	100	402	1.390	6.296	...	...
Þörungaverk-smiðjan hf.	1995	67	17	110	240	...	...
Skýrr hf.	1997	28	81	880	1.992	150	164
Bifreiðaskoðun hf.	1997	50	90	335	633	...	...
Íslenska járnblendifélagið hf.	1998	26,5	1.033	4.155	5.456	145	110
FBA	1998	49	4.665	...	...	...	...
Skýrr hf.	1998	22	141	...	...	...	...
Íslenskir aðalverktakar hf.	1998	10,7	266	4.596	8.559	358	505
Stofnfiskur (til starfsmanna)	1999	19	13	...	...	...	...
Áburðarverksmiðjan hf.	1999	100	1.257	...	...	...	...
Skólavörubúð	1999	100	37	...	...	...	...
Hólalax hf.	1999	33	9	...	...	...	...
FBA	1999	51	9.710	...	...	...	...
Búnaðarbanki Íslands hf.	1999	13	2.234	6.615	7.800	617	772
Landsbanki Íslands hf.	1999	13	3.283	9.230	12.251	920	941
Intís hf.	2000	22	64	...	...	...	...
Kísiliðjan hf.	2001	51	62	...	...	...	...
Stofnfiskur hf.	2001	33	267	...	...	...	...
Landssími Íslands hf.	2001	2,69	1.087	...	...	...	...
Steinullarverk-smiðjan hf.	2002	30,11	220	...	...	...	...
Landsbanki Íslands hf.	2002	20	4.736	...	...	...	...
Landsbanki Íslands hf.	2002	45,8	12.300	...	...	...	...
Búnaðarbanki Íslands hf.	2003	45,8	11.900	...	...	...	...
Landsbanki Íslands hf.	2003	2,5	636	...	...	...	...
Samtals söluverð til ríkissjóðs:			56.211				

Heimild: Heimasiða Einkavæðinganevndar

## 2 Einkavæðing ríkisfyrirtækja á Íslandi

Undanfarinn áratug hefur mikið skrið komist á sölu ríkisfyrirtækja og hlutabréfa í félögum í eigu ríkisins. Þessi þróun á sér þó nokkurn aðdraganda sem segja má að eigi sér upphaf á 8. áratugnum.<sup>12</sup>

Fyrsta alvarlega umræðan um einkavæðingu ríkisfyrirtækja hér á landi fór fram um miðjan 8. áratuginn undir kjörorðinu „báknið burt“. Það voru ungir sjálfstæðismenn undir forystu Friðriks Sophussonar, þáverandi formanns Sambands ungra sjálfstæðismanna (SUS), sem leiddu þá umræðu. Samþykkt var ályktun á landsþingi SUS árið 1975 þar sem skorin var upp herör gegn ríkisumsvifum. Sú umræða sem fylgdi í kjölfarið leiddi til þess að vorið 1977 skipaði þáverandi fjármálaráðherra, Mattías Á. Mathiesen, nefnd til að meta hvort ýmis starfsemi á vegum ríkisins væri betur komin hjá einkaaðilum. Sú nefnd starfaði fram til haustsins 1978 en hætti þá störfum í kjölfar þingkosninga. Á starfstíma sínum skilaði nefndin fjórum skýrslum til ráðherra um fimm ríkisfyrirtæki. Í fyrstu skýrslunni var fjallað um Landssmiðjuna og Siglósíld, í annarri um Ferðaskrifstofu ríkisins, sú þriðja fjallaði um Bifreiðaeftirlit ríkisins og loks var fjórða skýrslan um Slippstöðina á Akureyri. Í öllum tilvikum var niðurstaða nefndarinnar að starfsemi viðkomandi fyrirtækja væri betur komin í höndum einkaaðila en hjá hinu opinbera.

Lítið gerðist þó í framkvæmd einkavæðingar hér á landi fyrr en árið 1983 þegar fjármálaráðuneyti nýrrar ríkisstjórnar Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks birti auglýsingu í fjölmiðlum þar sem óskað var eftir tilboðum í eignarhlut ríkisins í 15 hlutafélögum. Á þessum tíma hafði aukinn hljómgrunnur náð að skapast víða um heim fyrir hugmyndum um samdrátt í ríkisumsvifum. Til dæmis hafði Margaret Thatcher verið við völd í Bretlandi frá árinu 1979 og á meðal helstu stefnumála ríkisstjórnar hennar var sala ríkisfyrirtækja. Þau félög þar sem hlutur ríkisins var boðinn til sölu voru m.a. Flugleiðir hf., Eimskipafélag Íslands hf. og Þormóður rammi hf. Tilvonandi kaupendum var gefinn kostur á að greiða allt að 80% kaupverðsins á 10 árum með verðtryggðum skuldabréfum en litlar undirtektir urðu við þessari auglýsingu. Á næstu árum komst aftur á móti aukin hreyfing á sölu hlutabréfa ríkisins.

---

<sup>12</sup> Greinargott yfirlit um einkavæðingu hér á landi fram til ársins 1997 er að finna í grein Skarphédins Steinarssonar í greinasafninu „Einkavæðing á Íslandi“ sem Framkvæmdanefnd um einkavæðingu og Samtök verðbréfafyrirtækja gáfu út árið 1997. Sú umfjöllun sem hér kemur fram um einkavæðingu fram til 1991 er að miklu leyti byggð á þeirri grein.

Haustið 1984 voru til að mynda hlutabréf ríkisins í Landssmiðjunni seld til hlutafélags í eigu 23 starfsmanna fyrirtækisins, en Landssmiðjan var fyrirtæki sem starfaði á sviði járnsmíði og innflutnings því tengdu. Fyrirtækið hafði verið í ríkisrekstri frá árinu 1930. Árið 1985 var síðan gerð önnur tilraun til að selja hlut ríkisins í Flugleiðum og Eimskipafélagi Íslands. Var þá fyrst fenginn utanaðkomandi aðili, Fjárfestingarfélag Íslands hf., til að meta virði hlutabréfa í þessum tveimur félögum. Eftir að tilboð höfðu borist í bréfin var síðan annars vegar gengið að kaupum Flugleiða hf. í sér sjálfum, en stjórnendur Flugleiða áformuðu að selja þann hlut síðan aftur til sinna starfsmanna, og hins vegar að kaupum Sjóvátryggingarfélaginu hf. í hlut ríkisins í Eimskipafélagi Íslands.

Ný ríkisstjórn tók við völdum vorið 1987 og í kjölfarið hélt áfram umræða um einkavæðingu. Meðal annars hófst þá undirbúningur á breytingu nokkura fyrirtækja ríkisins í hlutafélög, með það fyrir augum að selja þá hluti ríkisins síðar á almennum markaði. Það voru fyrirtækin Gutenberg prentsmiðja, Ferðaskrifstofa ríkisins og Útvegsbanki Íslands. Einnig var gerð ítarleg úttekt á rekstri Skipaútgerðar ríkisins með það fyrir augum að selja þær eignir sem hægt væri og leggja fyrirtækið niður.

Útvegsbanka Íslands var breytt í hlutafélag með lögum nr. 7/1987. Um mitt ár 1989 var síðan gengið frá sölu hlutabréfa ríkisins til Alþýðubankans hf., Iðnaðarbanka Íslands hf. og Verslunarbanka Íslands hf. með það í huga að sameina síðar rekstur bankanna fjögurra. Var það gert 3. janúar 1990 með stofnun Íslandsbanka hf., fyrsta einkarekna viðskiptabanka landsins á síðari árum.

Ferðaskrifstofa Íslands hf. var stofnuð árið 1988 og yfirtók hún allar eignir, skuldir og rekstur Ferðaskrifstofu ríkisins. Veitt var heimild fyrir sölu á 2/3 hlutabréfa ríkisins. Skyldu starfsmenn ferðaskrifstofunnar hafa forkaupsrétt að bréfunum og nýttu þeir sér hann. Í febrúar 1989 var starfsmönnum síðan tryggður forkaupsréttur að þeim hlutabréfum sem eftir voru í eigu ríkisins.

Árið 1988 var gerð breyting á fyrirkomulagi bifreiðaskoðana. Gerður var samningur við Bifreiðaskoðun Íslands hf. um skoðun ökutækja og með þeim samningi var Bifreiðaeftirlit ríkisins lagt niður. Bifreiðaskoðun Íslands fékk einkaleyfi til skoðana



og skráningar ökutækja, en að stofnun þess fyrirtækis stóðu m.a. tryggingafélög og ýmsir aðilar í bílgreininni auk ríkisins. Var megin markmiðið með þessu breytta fyrirkomulagi að koma á faglegri skoðun ökutækja og þar með auknu umferðaröryggi.

Ólafur Ragnar Grímsson, þáverandi fjármálaráðherra, kom fram með þá hugmynd á fundi sínum með bæjarstjórn Siglufjarðar og fleiri aðilum haustið 1990 hvort ekki væri orðið tímabært að breyta eignarhaldi ríkisins í Þormóði ramma hf en eignarhlutur ríkisins í því fyrirtæki var þá kominn upp í rúm 98% eftir margar undangengnar skuldbindingar. Beindi fjármálaráðherra því til forsvarsmanna bæjarfélagsins að þeir létu orð berast á Siglufirði um að hlutabréfin væru fól heimamönnum, en sala þeirra var ekki auglýst með formlegum hætti. Í desember 1990 var síðan ákveðið að selja tveimur siglfirskum útgerðarfyrirtækjunum um 58% af hlutafénu gegn því að þessi þrjú fyrirtæki sameinuðust í eitt undir nafni Þormóðs ramma hf. Eftir sölu hlutabréfa ríkisins, sameiningu félaganna og útgáfu nýs hlutafjár var eignarhlutur ríkisins í hinu nýja félagi kominn niður í 20%.

## 2.1 Einkavæðing 1991-1995

Í starfsáætlun ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Alþýðuflokks frá ársbyrjun 1991 er eitt af megin verkefnum að ríkið geri átak til einkavæðingar á starfsemi hins opinbera á kjörtímabilinu. Þar segir m.a:

Ríkisstjórnin mun selja ríkisfyrirtæki og fela einkaaðilum verkefni og þjónustu að undangengnum útboðum auk þess sem hagrætt verður í rekstri hins opinbera. Sérstakt kapp verður lagt á að selja þau ríkisfyrirtæki sem notið hafa óeðlilegrar samkeppnisaðstöðu í samanburði við annað atvinnulíf í landinu. Sölnni verður þannig hagað að ekki komi til röskunar á íslenskum fjármagnsmarkaði. ... Þá hefur ríkisstjórnin einsett sér að breyta ýmsum opinberum stofnunum og fyrirtækjum í hlutafélög er verði, a.m.k. fyrst um sinn, í eigu ríkisvaldsins, en hlutabréf í þeim verði síðan seld. ... Þess verður gætt að einkafyrirtækjum verði ekki afhent einokunaraðstaða á markaði.

Markmið þessara ráðstafana er að breyta hagkerfi okkar í nútímahorf og losa það úr viðjum pólitískrar ofstjórnar. Þær miða einkum að því að farið sé vel með það fé sem þjóðin leggur í sameiginlegan sjóð. ...

Síðan segir:

Ríkisstjórnin stefnir að því að gera átak til einkavæðingar á starfsemi hins opinbera á kjörtímabilinu. Markmið þessara ráðstafana er fyrst og fremst að auka skilvirkni og hagkvæmni í opinberum rekstri, bæta afkomu og skuldastöðu ríkissjóðs, draga úr vaxtagreiðslum og koma í veg fyrir skattahækkunar. Markviss valddreifing hvetur til

aukinnar samkeppni í atvinnulífinu og stuðlar að aukinni hagkvæmni í ríkisrekstri og þar með einnig að því að treysta stöðir velferðarkerfisins.

Til að koma þessum áformum í framkvæmd ákvað ríkisstjórnin að skipa þriggja manna ráðherranefnd og á vegum hennar hefur síðan starfað önnur þriggja manna framkvæmdanefnd. Framkvæmdanefnd um einkavæðingu var ætlað að hafa umsjón með framkvæmd einstakra verkefna á sviði einkavæðingar í samstarfi við það ráðuneyti sem í hlut átti hverju sinni. Með þeim hætti var framkvæmd einkavæðingar gerð markvissari en áður hafði verið.

### *2.1.1 Prentsmiðjan Gutenberg hf.*

Prentsmiðjan Gutenberg hf. var stofnuð með lögum nr. 45/1989 um stofnun hlutafélags um ríkisprentsmiðjuna Gutenberg og var ríkissjóður eigandi alls hlutfjár í fyrirtækinu. Hlutafélagið yfirtók allan rekstur, eignir og skuldir ríkisprentsmiðjunnar þann 1. janúar 1990. Prentsmiðjan annaðist almenn prentverk og skylda starfsemi og helstu viðskiptavinir fyrirtækisins voru Alþingi, Stjórnarráðið og ríkisstofnanir.<sup>13</sup>

Eftir að gerð hafði verið úttekt á rekstrar- og fjárhagsstöðu prentsmiðjunnar árið 1992 var ákveðið að leita tilboða í ljósi þess að fjárhagsafkoma fyrirtækisins var slæm og álitid að framtíðarmöguleikum þess væri best borgið ef sameining við annað fyrirtæki í sömu atvinnugrein gæti átt sér stað. Tilboð bárust frá þremur prentsmiðjum: Prentsmiðjunni Odda hf. upp á 84,95 Mkr., Steindórsprenti hf. upp á 84,9 Mkr. og Ísafoldarprentsmiðju hf upp á 80,9 Mkr. Ákveðið var að taka tilboði Steindórsprents hf. vegna þess að það tilboð gerði ráð fyrir staðgreiðslu og einnig vegna þess að með því var álitid að áframhaldandi samkeppni í prentiðnaði yrði tryggð.

Þann 19. október árið 2000 keypti síðan Prentsmiðjan Oddi, sem er stærsta prentsmiðja landsins, tæp 93% hlutfjár í Steindórsprenti-Gutenberg, næst stærstu prentsmiðju landsins. Í ljósi þeirrar markaðsráðandi stöðu sem hið sameinaða félag yrði í tók samkeppnisráð viðkomandi yfirtöku fyrir og ógilti hana. Var það gert vegna þess að ekki þótti fyrirsjáanlegt að keppinautar hins sameinaða fyrirtækis gætu veitt það samkeppnislega aðhald sem vegið gæti á móti skaðlegum áhrifum af samþjöppuninni. Þessi ákvörðun samkeppnisráðs var þó tekin fyrir í áfrýjunarnefnd samkeppnismála þann 26. febrúar 2001 og með úrskurði áfrýjunarnefndarinnar nr.

4/2001 var hún felld úr gildi án nokkurra skilyrða. Voru meginrök þeirrar ákvörðunar m.a. að rangt væri að líta á prentiðnað hér á landi sem einangraðan markað við Ísland eitt og sér og í raun gæti aukin stærðarhagkvæmni sem þessi verið nauðsynleg í vaxandi samkeppni við erlenda prentaðila. Í dag er því Prentsmiðjan Oddi löggildur eigandi að Steindórsprenti-Gutenberg e/hf.

Helstu kennitölur úr reikningum Prentsmiðjunnar Gutenberg hf. tvö ár fyrir einkavæðingu og árin 1999 og 2000 koma fram í töflu 2.1. Ekki fengust upplýsingar um þessar tölur fyrir árið 2001.

**Tafla 2.1. Helstu tölur úr reikningum Prentsmiðjunnar Gutenbergs hf. Verðlag ársins 2001, (Mkr.).**

	1990	1991	...	1999	2000
Rekstrartekjur	274	291		541	503
Hagnaður/(tap)	(3)	0		18	9
Eignir	365	343		427	398
Skuldir	160	141		247	212
Eigið fé	204	202		180	186

Heimild: Prentsmiðjan Gutenberg

Á árinu 1992 störfuðu að meðaltali 62 starfsmenn hjá fyrirtækinu en árið 2002 voru þeir að jafnaði um 76 talsins.

### 2.1.2 Framleiðsludeild ÁTVR

Ríkiskaupum var vorið 1992 falið að annast sölu á framleiðslutækjum og framleiðsluréttindum Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins. Eignirnar voru auglýstar til sölu og bærust á annan tug tilboða. Ákveðið var að taka tilboði sem hljóðaði upp á 16 Mkr. Flestar þær tegundir sem framleiddar voru áður af ÁTVR eru nú framleiddar af einkafyrirtæki.

### 2.1.3 Ríkisskip

Sala á eignum Skipaútgerðar Ríkisins hófst árið 1992 og við það var fyrirtækið lagt niður. Í kjölfarið varð töluverð samkeppni á milli Eimskipafélags Íslands hf. og Samskipa hf. um strandsiglingamarkaðinn þar til Samskip hætti þeim siglingum árið

<sup>13</sup> Framkvæmdanefnd um einkavæðingu (1995).

2001 eftir margra ára taprekstur. Þær tekjur sem ríkið hafði af sölu eigna Ríkisskipa námu 350,4 Mkr.

#### 2.1.4 Ferðaskrifstofa Íslands hf.

Í 6. gr. fjárlaga 1992 var veitt heimild fyrir sölu á þeim hlutabréfum sem ríkið var enn eigandi að í Ferðaskrifstofu Íslands hf. Ríkissjóður hafði verið einn stærsti viðskiptavinur ferðaskrifstofunnar fram til þessa en ákveðið var að engin loforð um áframhaldandi viðskipti fylgdu með sölnni. Fyrirtækið yrði að keppa um þau viðskipti á sama grundvelli og aðrar ferðaskrifstofur.

Starfsmenn ferðaskrifstofunnar nýttu sér þann forkaupsrétt sem þeir höfðu öðlast árið 1989 í samningi þar að lútandi við samgöngumálaráðuneytið og viðræður leiddu til þess að starfsfólkið gerði tilboð upp á um 19 milljónir króna og var fallist á það.

Á árinu 1992 störfuðu að meðaltali um 79 starfsmenn hjá fyrirtækinu en árið 2002 voru þeir í kringum 100 að jafnaði yfir árið hjá hinu sameinaða fyrirtæki Ferðaskrifstofu Íslands og Úrvals-Útsýnar. Þrátt fyrir að starfsmannafjöldinn hafi einungis aukist um tæp 27% frá því að ferðaskrifstofan var einkavædd hefur veltan aukist mun meira eða um rúm 389% miðað við fast verðlag. Í töflu 4 eru sýndar megintölur úr reikningum Ferðaskrifstofu Íslands tvö síðustu árin áður en fyrirtækið var einkavætt og undanfarin ár.

**Tafla 2.2. Helstu kennitölur úr reikningum Ferðaskrifstofu Íslands hf.**

#### Verðlag ársins 2001, (Mkr.).

	1990	1991	...	1998	1999*	2000	2001
Rekstrartekjur	783	733		3.512	3.926	4.596	3.589
Hagnaður/(tap)	34	5		105	85	46	(118)
Eignir	184	187		907	920	1.053	958
Skuldir	93	97		617	536	629	679
Eigið fé	90	90		290	383	423	279

Heimild: Ársreikningur Ferðaskrifstofu Íslands hf.

\*Í byrjun ársins 1999 sameinuðust Ferðaskrifstofa Íslands hf. og Úrval-Útsýn hf. undir nafni Ferðaskrifstofu Íslands.

### 2.1.5 Jarðboranir hf.

Jarðboranir hf. var stofnað samkvæmt lögum nr. 107/1985 um Jarðboranir hf. Fyrirtækið yfirtók allar eignir, skuldir og rekstur Jarðborana ríkisins, sem starfað höfðu frá árinu 1945, og Gufubors ríkisins og Reykjavíkurborgar sem starfað hafði frá árinu 1958. Jarðboranir hf. var fyrir einkavæðingu til helminga í eigu ríkisins og Reykjavíkurborgar.

Árið 1992 var framkvæmdanefnd um einkavæðingu falið að undirbúa sölu á eignarhlut ríkissjóðs í fyrirtækinu fyrir hönd iðnaðarráðuneytis. Eftir að hafa fengið tilboð hjá verðbréfafyrirtækjum var Kaupþing hf. fengið til að gera úttekt á rekstrar- og fjárhagsstöðu Jarðborana hf.<sup>14</sup>

Í kjölfar greinargerðar Kaupþings var ákveðið að bjóða hlutabréf í Jarðborunum hf. til sölu á almennum markaði, en Reykjavíkurborg ákvað þó að Hitaveita Reykjavíkur ætti áfram 30% hlutafjár í fyrirtækinu. Var það gert sökum þess að Hitaveita Reykjavíkur var aðalviðskiptavinur fyrirtækisins og var talið að eignaraðildin styrkti rekstur Jarðborana hf. Þetta var fyrsta fyrirtækið í eigu ríkisins sem boðið var almenningi til kaups í dreifðri sölu. Gengi bréfanna var ákveðið 1,87 og eignarhlutur hvers tilvonandi kaupanda takmarkaður við 5%. Því hámarki var síðar breytt í 10% þegar ljóst var að markmið um dreifða eignaraðild hafði tekist. Starfsmönnum Jarðborana voru veitt sérstök kjör við kaup á hlutbréfum sem fólust í því að þeim bauðst að kaupa hlutabréf fyrir 450 þús. kr. að kaupverði og að dreifa greiðslum á þriggja ára tímabil. Í apríl 1994 var ákveðið að lækka gengi hlutabréfanna úr 1,87 í 1,79 því verð á hlutabréfum höfðu almennt verið að lækka um 12-15% vegna aðstæðna á hlutabréfamarkaðnum. Þegar kjörtímabilinu lauk árið 1995 hafði Reykjavíkurborg náð að selja þann 20% hlut sinn sem áætlað hafði verið en ríkið átti enn eftir 28,5% óseld.

Fyrsta verkefni framkvæmdanefndar um einkavæðingu á kjörtímabilinu 1995-1999 var að ljúka sölu á hlutabréfum ríkisins í Jarðborunum hf. Einnig ákvað Reykjavíkurborg að lækka eignarhlut Hitaveitu Reykjavíkur um 10%. Í fyrstu ætlaði ríkið að selja 8,5% þannig að 18,5% hlutur í Jarðborunum var boðinn út sumarið 1996 á genginu 2,25. Þau hlutabréf sem í boði voru seldust upp á einum degi og því var


---

<sup>14</sup> Framkvæmdanefnd um einkavæðingu (1995).

ákveðið að bæta við í almenna sölu þeim hlutabréfum sem eftir voru í eigu ríkisins. Strax á öðrum degi dró þó verulega úr eftirspurn og að sölutímabili loknu voru enn rúmar 10 Mkr. að nafnverði eftir í eigu ríkisins. Óskað var eftir tilboðum í þau hlutabréf ríkisins sem óseld voru og bárust 56 tilboð í alls rúmlega 44 Mkr. að nafnverði. Ellefu tilboðum var tekið að meðaltali á genginu 3,07.

Á mynd 2.1 má sjá þróun á gengi hlutabréfa í Jarðborunum hf. frá febrúar 1993 til desember 2002.

**Mynd 2.1. Gengisþróun hlutabréfa í Jarðborunum hf. árin 1993-2003**



Eins og kemur fram á mynd 2.1 hefur verðmæti hlutabréfa í Jarðborunum hf. aukist til muna frá því að fyrirtækið var einkavætt að fullu leyti árið 1995. Hefur sú þróun verið samfara aukinni veltu og tekjuafgangs félagsins.

Helstu kennitölur úr reikningum Jarðborunar hf. síðustu tvö ár fyrir einkavæðingu og undanfarin fimm ár á meðalverðlagi ársins 2001 koma fram í töflu 2.3.

**Tafla 2.3. Helstu tölur úr reikningum Jarðborana hf. Verðlag ársins 2001, (Mkr.)**

	1990	1991	...	1997	1998	1999	2000	2001
Rekstrartekjur	242	270		605	759	1.057	947	996
Hagnaður	12	22		78	83	102	101	15
Eignir	834	839		727	952	1.105	1.339	1.402
Skuldir	121	108		45	205	283	448	536
Eigið fé	713	731		682	747	822	891	866

Heimild: Ársskýrslur Jarðborana hf.

Á þessu tímabil hefur velta fyrirtækisins meira en fjórfaldast og hagnaður af rekstri þess aukist til muna ef undan er skilið árið 2001, sem að mestu má rekja til óhagstæðrar gengisþróunar íslensku krónunnar það árið ásamt óvæntum olíuverðshækkunum.<sup>15</sup>

### 2.1.6 Menningarsjóður

Eftir að ákveðið hafði verið að leggja niður bókaútgáfu Menningarsjóðs haustið 1991, sem m.a. hafði gefið út íslenska orðabók, var haldin útsala á bókabirgðum stofnunarinnar. Á þeirri útsölu seldust um 70.000 af þeim u.þ.b. 100.000 bókum sem til voru. Að því loknu var auglýst eftir tilboðum í óseldar bækur og útgáfurétt. Þetta var um haustið 1992. Tekið var hagstæðasta tilboðinu sem kom frá Máli og Menningu að söluverðmæti um 26 Mkr. sem greitt var með 12 Mkr. staðgreiðslu og yfirtöku skulda.<sup>16</sup>

### 2.1.7 Þróunarfélag Íslands hf.

Þróunarfélag Íslands hf. var stofnað árið 1985 að frumkvæði þáverandi ríkisstjórnar, með það fyrir augum að örva nýsköpun í íslensku atvinnulífi og efla arðsama atvinnustarfsemi. Þróunarfélagið sérhæfir sig í því að leggja fram áhættufé (e. venture capital) til atvinnurekstrar, að mestu leyti hjá fyrirtækjum sem byggja á tækni og hugviti og eru ekki skráð á verðbréfamarkaði þegar kaupin fara fram. Eignarhlutur ríkisins í félaginu var að nafnverði 100 Mkr. eða um 29% af heildarhlutafé.

Að undangengnu útboði á meðal verðbréfafyrirtækja var Landsbréfum hf. falið verðmat og umsjón með sölu hlutabréfa ríkisins. Hlutabréfin voru auglýst til sölu og þegar tilboðsfrestur rann út hafði ekkert tilboð borist, en hins vegar barst erindi frá Sambandi almennra lífeyrissjóða og Landssambandi lífeyrissjóða þar sem óskað var eftir viðræðum um kaup á hlut ríkisins. Eftir að slíkar viðræður höfðu farið fram haustið 1992 var gengið að tilboði tólf lífeyrissjóða í allan hlut ríkisins að upphæð 130 Mkr., eða á genginu 1,3. Með þessum kaupum tókst lífeyrissjóðunum, með milligöngu Þróunarfélagsins og þeirri þekkingu sem þar var til staðar, að nálgast


<sup>15</sup> Ársskýrsla Jarðborana (2001).

<sup>16</sup> Framkvæmdanefnd um einkavæðingu (1995).

áhættusamari hluta fjármálamarkaðarins án þess að taka of mikla áhættu einir og sér með kaupum hlutabréfa í einstökum óskráðum félögum.<sup>17</sup>

Á mynd 2.2 má sjá þróun á gengi hlutabréfa í Þróunarfélagi Íslands hf. frá árinu 1995 til 2003.

**Mynd 2.2. Gengisþróun hlutabréfa í Þróunarfélagi Íslands hf. árin 1995-2003**



**Tafla 2.4. Helstu tölur úr reikningum Þróunarfélags Íslands hf. Verðlag ársins 2001, (Mkr.).**

	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001
Fjármunatekjur	137	60	363	771	792	815	1.288	1.115	(1.429)
Hagnaður/(tap)	(12)	17	270	524	499	568	704	442	(1.460)
Eignir	1.016	941	1.645	2.466	2.736	3.426	4.527	5.585	4.521
Skuldir	368	252	401	240	99	266	687	1.713	2.649
Eigið fé	720	735	1.317	1.822	2.231	2.701	3.360	3.536	1.872

Heimild: Ársreikningar Þróunarfélags Íslands

Eins og sést í töflu 2.4 þá hefur rekstur Þróunarfélagsins gengið nokkuð vel þar til árið 2001 en það árið var félagið rekið með mettapi. Það tap var að mestu vegna óinnleysts gengistaps í hlutabréfum félagsins.

Í kjölfar þessarar versnandi afkomu urðu viðræður á milli stjórna Þróunarfélagsins og Eignarhaldsfélagsins Alþýðubankinn hf. um sameiningu þessara tveggja félaga. Runnu þau síðan saman í eitt í júlí árið 2002.

<sup>17</sup> Framkvæmdanefnd um einkavæðingu (1995).



### 2.1.8 Íslensk endurtrygging hf.

Íslensk endurtrygging, sem upphaflega hét Stríðsslysafélag íslenzkra skipshafna frá árinu 1939, starfaði samkvæmt ákvæðum laga nr. 43/1947 um innlenda endurtryggingu, stríðsslysafélag skipshafna o.fl. Þau lög voru sérstaklega sett um þennan tiltekna rekstur og sótti félagið því tilvist sína í einu og öllu til þeirra.

Viðskipti Íslenskrar endurtryggingar voru að langmestu leyti við innlend tryggingafélög og þau voru jafnframt í hópi stærstu eigenda þess. Eignarhlutur helstu eigenda kemur fram í töflu 2.5.

**Tafla 2.5. Stærstu hluthafar að Íslenskri endurtryggingu árið 1992**

Ríkissjóður	36,54%
Sjóvá -Almennar tryggingar hf.	15,05%
Tryggingamiðstöðin hf.	10,79%
Vátryggingafélag Íslands hf.	8,84%
Burðarás hf. og Eimskipafélag Reykjavíkur	6,85%
Samtals	78,07%

Að undangengnu útboði á meðal verðbréfafyrirtækja var Verðbréfamarkaði Íslandsbanka hf. (VÍB) falið verðmat og umsjón með sölu hlutabréfa ríkisins, ef af henni yrði.

Íslensk endurtrygging hefur verið eina íslenska endurtryggingafélagið og er rekstrargrundvöllur þess mjög háður þeim fáu en jafnframt stóru viðskiptavinum sem þurfa á endurtryggingum að halda. Ef t.d. eitt tryggingarfélag tæki þá ákvörðun að beina viðskiptum sínum eitthvert annað, þ.e. til útlanda, þá myndi starfsgrundvöllur fyrirtækisins gerbreytast og framtíð fyrirtækisins stæði á ótraustari fótum. Því er mikilvægt fyrir rekstrargrundvöll fyrirtækis í þessari stöðu að viðskiptavinirnir sjái hag sínum best borgið með því að versla við viðkomandi fyrirtæki.

Ýmsir möguleikar voru kannaðir á því hvernig ríkissjóður gæti losnað út úr rekstri fyrirtækisins. Meðal annars var athugaður sá möguleiki að félagið sjálft leysti til sín hlut ríkisins, að selja hlutabréfin á almennum markaði, að leysa fyrirtækið upp og að meðeigendur ríkisins myndu kaupa hlut þess. Síðast nefnda leiðin varð loks fyrir valinu. Gera má ráð fyrir að það hafi verið að stórum hluta sökum fyrrnefnds rekstrarumhverfis.

Til að af þessari sölu gæti orðið kom í ljós að breyta þurfti lögum nr. 43/1947 og var það gert með lögum nr. 45/1993 um stofnun hlutafélags um Íslenska endurtryggingu. Áður en þau lög tóku gildi hafði verið gengið frá kaupsamningi að söluverðmæti 162 Mkr. með fyrirvara um samþykki frumvarps til fyrrgreindra laga. Með þessum kaupum skiptust hlutafé á milli stærstu hluthafa með þeim hætti sem fram kemur í töflu 2.6.

**Tafla 2.6. Stærstu hluthafar að Íslenskri endurtryggingu hf. árið 1993**

Vátryggingafélag Íslands hf.	25,11%
Sjóvá -Almennar tryggingar hf.	24,98%
Tryggingamiðstöðin hf.	24,98%
Trygging hf.	7,97%
Samtals	83,04%

Rekstur Íslenskrar endurtryggingar hf. hefur verið mjög stöðugur á milli ára og hagnaður af rekstrinum vel ásættanlegur, eins og sést í töflu 2.7.

**Tafla 2.7. Helstu lykiltölur úr reikningum Íslenskrar endurtryggingar hf. Verðlag ársins 2001, (Mkr.)**

	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001
Eigin iðgjöld	395	415	410	388	453	504	495	512	471	106
Hagnaður	209*	97	96	92	122	121	98	183	197	60
Eignir	2.879	3.001	3.391	3.505	3.673	3.817	3.735	3.431	3.025	2.435
Skuldir	2.818	2.803	3.183	3.237	3.238	3.264	3.110	2.994	2.344	1.626
Eigið fé	655	746	792	858	965	1.038	1.042	755	821	809

Heimild: Ársskýrslur Íslenskrar endurtryggingar hf.

\*Fram til ársins 1993 var félagið undanþegið greiðslu eignar- og tekjuskatts.

Þrátt fyrir þessa hagkvæmu rekstrarniðurstöðu var sú ákvörðun tekin af stjórn félagsins í byrjun ársins 2000 að hætta virkri endurtryggingarstarfsemi í lok þess árs með það fyrir augum að leggja félagið niður innan fárra ára. Í dag beina öll tryggingafélögin endurtryggingaviðskiptum sínum til erlendra aðila og Íslensk endurtrygging hf. mun að öllum líkindum leggjast endanlega niður um miðbik ársins 2004.

### 2.1.9 Rýni hf.

Árið 1992 voru sett lög sem gerðu ráð fyrir stofnun hlutafélags um verkefni Ríkismats sjávarafurða og jafnframt að eftirlit með vinnsluleyfishöfum í sjávarútvegi skyldi sinnt af einkafyrirtækjum sem hefðu til þess sérstök leyfi frá stjórnvöldum. Með þessu

var opinbert gæðaeftirlit með framleiðslu sjávarafurða einkavætt. Um þann rekstur sem ríkið tók þátt í var stofnað hlutafélagið Rýni hf. í árslok 1992.


Fljótlega kom í ljós mikil samkeppni á milli skoðunarstofa og það fór að halla undan fæti í rekstri Rýnis. Árið 1993 voru hlutabréf ríkisins í fyrirtækinu auglýst til sölu og í kjölfarið voru þau seld Nýju skoðunarstofunni hf., einum helsta samkeppnisaðilanum á fjórar milljónir króna.

#### *2.1.10 SR-mjöl hf.*

Í byrjun ágúst árið 1993 var Síldarverksmiðjum ríkisins breytt í hlutafélagið SR-mjöl hf. á grundvelli laga nr. 20/193 um stofnun hlutafélags um rekstur Síldarverksmiðja ríkisins. Undanfarin ár hafði verið verulegur hallarekstur á fyrirtækinu og var fyrirtækið í raun ekki talið rekstrarhæft lengur af endurskoðanda fyrirtækisins án verulegrar fjárhagsaðstoðar með skuldbreytingum og auknu eigin fé.

Eftir úttekt Verðbréfamarkaðs Íslandsbanka á verðmæti fyrirtækisins voru hlutabréf ríkisins í SR-mjöli hf. auglýst til sölu. Bréfin voru síðan seld fjárfestingahópi sem í voru m.a. nokkrar útgerðir loðnuskipa, starfsmenn fyrirtækisins og heimamenn þar sem verksmiðjur fyrirtækisins voru staðsettar. Söluverð hlutabréfanna var 725 m.kr þar sem greiðsla söluvirðis dreifðist á tvö ár. Hinir nýju eigendur tóku við rekstrinum 1. febrúar árið 1994 og tæpu ári síðar voru hlutabréf í fyrirtækinu skráð á Verðbréfaþing Íslands. Á mynd 2.3 kemur fram gengisþróun verðbréfa í SR-mjöli frá fyrsta skráningardegi og fram til loka ársins 2002 og helstu tölur úr reikningum félagsins í töflu 2.8.

**Mynd 2.3. Gengisþróun hlutabréfa í SR-mjöl hf. árin 1995-2003**



**Tafla 2.8. Helstu lykiltölur úr reikningum SR-mjöls hf.**

**Verðlag ársins 2001, (Mkr.)**

	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001
Heildartekjur	2.138	3.485	3.513	5.513	6.156	5.697	3.533	3.900	4.523
Hagnaður/(tap)	274	166	92	563	423	237	(299)	(850)	31
Eignir	3.283	3.060	3.218	4.698	4.955	5.629	5.909	5.769	6.679
Skuldir	1.652	1.336	1.071	1.704	1.920	2.521	3.127	3.229	3.578
Eigið fé	1.631	1.724	2.147	2.994	3.321	3.446	3.115	2.733	3.101

Heimild: SR-mjöl hf.


*2.1.11 Þormóður rammi hf.*

Ríkissjóður var eigandi alls hlutafjár í Þormóði ramma þar til í lok ársins 1990 þegar um 58% af hlutafénu var selt tveimur siglfirskum útgerðarfyrirtækjunum gegn því að þessi þrjú fyrirtæki skyldu sameinast í eitt undir nafni Þormóðs ramma hf, eins og áður hefur verið greint frá. Eftir sölu hlutabréfa ríkisins, sameiningu félaganna og útgáfu nýs hlutafjár var eignarhlutur ríkisins í hinu nýja félagi kominn niður í 20%. Við hlutafjárukningu á árinu 1992 minnkaði eignarhlutur ríkisins enn, úr 20% í 16,6%. Í september 1993 var framkvæmdanefnd um einkavæðingu síðan falið að undirbúa sölu á þeim hluta ríkisins sem eftir var. Að loknu hinu hefðbundna vinnuferli og eftir að bréfin höfðu verið í nokkra mánuði til sölu gegn ákveðnum takmörkunum<sup>18</sup> barst tilboð í þau bréf sem eftir voru frá einum aðila og var því tilboði tekið. Þar með lauk afskiptum ríkisins af rekstri Þormóðs ramma hf.

<sup>18</sup> Upphaflega mátti hver einstaklingur einungis kaupa að hámarki fyrir 250.000 kr. að nafnverði.

Hlutabréf í Þormóði ramma hafa verið skráð á Verðbréfaþing frá árinu 1992 og á mynd 2.4 sést hvernig gengi bréfanna hefur þróast frá þeim tíma til ársloka árið 2002.

**Mynd 2.4. Gengisþróun hlutabréfa í Þormóði ramma hf. árin 1995-2003**



Árið 1992 voru starfsmenn Þormóðs ramma að meðaltali um 212 en nú starfa um 250 manns hjá hinu sameinaða félagi Þormóðs ramma og Sæbergs.

Helstu tölur úr reikningum Þormóðs ramma- Sæbergs frá þeim tíma sem ríkið hóf sölu sína á hlutabréfum félagsins koma fram í töflu 2.9.

**Tafla 2.9. Helstu tölur úr reikningum Þormóðs ramma hf.**

**Verðlag ársins 2001, (Mkr.)**

	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997*	1998	1999	2000**	2001
Rekstrartekjur	1.466	1.213	1.301	1.868	2.044	2.410	2.382	4.163	4.389	5.197	4.630	5.336
Hagnaður/(tap)	85	116	(57)	138	154	247	214	282	232	530	(591)	(33)
Eignir	1.498	1.394	1.951	2.197	2.258	2.378	5.714	6.375	6.418	9.477	9.168	9.777
Skuldir	1.218	867	1.387	1.470	1.416	1.316	3.331	4.224	4.115	6.804	7.108	7.664
Eigið fé	280	526	563	727	843	1.063	2.383	2.779	2.855	3.395	2.486	2.113


*2.1.12 Lyfjaverslun Íslands hf.*

Lyfjaverslun Íslands hf. varð til þegar Lyfjaverslun ríkisins var breytt í hlutafélag árið 1994 með það fyrir augum að minnka eignarhlut ríkisins í fyrirtækinu. Lyfjaverslun ríkisins var upphaflega stofnuð sem starfseining innan Áfengisverslunar ríkisins árið 1921, en hafði verið rekin sem sjálfstæð eining frá árinu 1986. Allt frá árinu 1947 hafði Lyfjaverslun ríkisins starfrækt eigin framleiðsludeild á lyfjum.

Að tillögu framkvæmdanefndar um einkavæðingu var ákveðið að þau hlutabréf sem heimild var fyrir að selja skyldu seld í almennu útboði og dreifð eignaraðild þannig tryggð. Voru settir fram söluskilmálar þar sem hverjum einstaklingi var heimilt að kaupa fyrir hámark 500 þús. kr. en starfsmönnum Lyfjaverslunar bauðst þó að kaupa fyrir tvöfalda þá upphæð. Í nóvember 1994 hófst sala á þeim hlutabréfum sem þá var heimilt að selja, alls 50%, á genginu 1,34, og öll bréfin seldust upp á fyrsta söludegi. Í ljósi þess hve sú sala gekk vel óskaði fjármálaráðherra eftir heimild Alþingis til að selja hinn helming hlutabréfanna og var sú heimild veitt. Í byrjun árs 1995 voru þau bréf boðin út með sama fyrirkomulagi og fyrr og seldust þau einnig upp á fyrsta söludegi. Þar með var Lyfjaverslun Íslands hf. orðin fullkomnlega einkavædd og fjöldi hluthafa var yfir 1.500 manns.

Hlutabréf í Lyfjaverslun Íslands hf hafa verið skráð á Verðbréfaþingi frá byrjun ársins 1995 og á mynd 2.5 sést hvernig gengi bréfanna hefur þróast frá þeim tíma til dagsins í dag.

**Mynd 2.5. Gengisþróun hlutabréfa í Lyfjaverslun Íslands hf.**



Frá árinu 1995 hafa umsvif félagsins aukist til muna, sérstaklega með kaupum á minni fyrirtækjum í lyfjageiranum. Í dag tilheyra níu dótturfyrirtæki samsteypunni hér á landi sem sérhæfa sig öll á ólíkum sviðum innan lyfjamarkaðarins.

Árið 2002 var nafni Lyfjaverslunar Íslands breytt í Líf hf. og í dag er rekstrarform samsteypunnar þannig að dótturfyrirtækin eru rekin sem sjálfstæð fyrirtæki undir hatti

Lífs hf. sem þjónustar fyrirtækin á sviði fjármála, starfsmannahalds, hagræðingar, rekstrarráðgjafar og þróunarmála.

Þróun helstu stærða í ársreikningum Lyfjaverslunar Íslands frá árinu 1995 kemur fram í töflu 2.10.

**Tafla 2.10. Helstu tölur úr reikningum Lyfjaverslunar Íslands hf. Verðlag ársins 2001, (Mkr.).**

	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001
Rekstrartekjur	1.390	1.520	1.687	1.795	1.843	2.333	6.296
Hagnaður	62	49	32	64	65	45	516
Eignir	1.147	1.253	1.421	1.466	1.424	2.012	4.778
Skuldir	661	758	926	946	934	1.519	3.597
Eigið fé	606	619	633	647	590	584	1.181

Heimild: Ársreikningur Lyfjaverslunar Íslands.

Eins og hægt er að sjá út úr töflu 2.10 þá hafa rekstrarartekjur Lyfjaverslunar Íslands tæplega fimmfaldast frá árinu 1995 til ársins 2001 miðað við fast verðlag og á árinu 2001 var methagnaður hjá samsteypunni upp á um 516 Mkr. Ýmsar útskýringar geta verið fyrir þessari miklu hagnaðaraukningu, m.a. sameinuðust fimm minni lyfjaumboð samsteypunni á árinu 2001 sem kann að hafa leitt til aukinnar rekstrarhagræðingar.

## 2.2 Einkavæðing 1996-1999

Í stefnuyfirlýsingu Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks frá því í apríl 1995 er aftur sérstaklega vikið að einkavæðingu. Markmið ríkisstjórnar í þeim efnum voru m.a.:


Að leggja fram áætlun á sviði einkavæðingar sem unnið verður á kjörtímabilinu. Áhersla verður lögð á að breyta rekstrarformi ríkisviðskiptabanka og fjárfestingarlánasjóða. Það á einnig við um fyrirtæki og stofnanir í eigu ríkisins sem eru í samkeppni við einkaaðila. Unnið verður að sölu ríkisfyrirtækja í samræmi við ákvarðanir ríkisins.

### 2.2.1 Þörungaverksmiðjan hf.

Árið 1995 eignaðist ríkissjóður meirihluta hlutafjár í Þörungaverksmiðjunni hf. á Reykhólum við uppgjör skulda fyrirtækisins hjá Ríkisábyrgðasjóði. Fljótlega eftir þessa yfirtöku var farið að ræða þann möguleika að bandaríska fyrirtækið Kelco gerðist eignaraðili að Þörungarverksmiðjunni. Viðkomandi fyrirtæki hafði verið lang stærsti viðskiptavinur Þörungaverksmiðjunnar, keypti um og yfir 60% af því þangmjöli sem verksmiðjan framleiðir. Kelco gerði tilboð í 67% hlut ríkisins upp á

um 16,5 Mkr. staðgreitt og var því tilboði tekið. Frá því að þessi eignarskipti urðu hefur framleiðsla verksmiðjunnar aukist til muna og rekstrargrundvöllur fyrirtækisins styrkst frá því sem áður var. Þetta sést vel á mynd 2.6 þar sem kemur fram ársvelta fyrirtækisins frá 1993 til 2003.

**Mynd 2.6. Ársvelta Þörungaverksmiðjunnar árin 1993-2002**



### 2.2.2 Skýrr hf.

Árið 1953 stofnuðu Reykjavíkurborg og ríkið sameignarfélagið Skýrsluvélar ríkisins og Reykjavíkurborgar (Skýrr) í þeim tilgangi að annast vistun gagna, vinnsla þeirra og miðlun. Sú starfsemi hefur verið helsta verkefni fyrirtækisins síðan en auk þess hafði fyrirtækið í auknum mæli verið að færa sig inn á önnur svið þar sem um samkeppni við einkafyrirtæki var að ræða og einkafyrirtæki einnig sótt inn á markað Skýrr. Þess vegna ákváðu eigendur Skýrr árið 1995 að breyta rekstrarformi fyrirtækisins með stofnun hlutafélagsins Skýrr hf. Hlutfé hins nýstofnaða félags skiptist til helminga milli eigendanna tveggja.

Haustið 1996 var framkvæmdanefnd um einkavæðingu falið að skoða sölu hlutabréfa ríkisins í félaginu. Eftir ítarlega athugun á þeim leiðum sem til greina kæmu við sölu hlutabréfanna lagði framkvæmdanefndin það til að seldur yrði meirihluti hlutafjár í Skýrr hf. með því að auglýsa eftir tilboðum. Nánar tiltekið lagði nefndin það til að selt yrði 51% hlutafjár til eins aðila með tilboðsfyrirkomulagi og til viðbótar yrði starfsmönnum fyrirtækisins boðið að kaupa allt að 5% hlutabréfa samanlagt. Eftirstöðvar hlutabréfa í eigu ríkis og Reykjavíkurborgar skyldu síðan seldar



almenningsi að tveimur árum liðnum og síðan yrði fyrirtækið skráð á Verðbréfaþingi Íslands. Þessi tillaga var samþykkt af fjármálaráðherra og borgaryfirvöldum.<sup>19</sup>

Eftir að Kaupþing hf. hafði verið fengið til þess að gera verðmat á fyrirtækinu var tekin sú ákvörðun að bjóða starfsmönnum Skýrr hf. að kaupa hlutabréf í félaginu á genginu 1,3. Nýttu sér 130 starfsmenn tilboðið af þeim 150 sem þá voru starfandi hjá fyrirtækinu. Tilboðssalan var síðan framkvæmd í tveimur áföngum. Í þeim fyrri gafst hverjum þeim sem keyptu sér sölugögn kostur á að kynna sér þær upplýsingar sem þar var að finna og gera út frá þeim tilboð í 51% hlutfjár í félaginu. Þeim aðilum sem stóðu að þremur hagstæðustu tilboðunum var síðan boðið að kynna sér gögn um rekstur fyrirtækisins betur og ræða við aðstandendur þess. Að því loknu gátu þeir síðan hækkað sitt tilboð ef ástæða þótti til. Opin Kerfi hf. komu með hæsta tilboðið að þessu ferli loknu og ákveðið var að taka því. Gengi hlutabréfa í tilboðssölu var 1,58 sem var nokkru lægra en verðmat Kaupþings hafði gert ráð fyrir. Verðmatið hafði verið allt að 1,82. Það var hins vegar mat seljanda að tilboð Opinna kerfa væri ásættanlegt þar sem fyrirséð þótti að þær áætlanir sem verðmat Kaupþings byggðist á myndu ekki ganga að fullu eftir, afkoma rekstrarins yrði lakari.


Árið 1999 voru þau 44% sem enn voru eftir í eigu ríkis og Reykjavíkurborgar loks boðin til sölu. Þeirri sölu var skipt á milli tveggja flokka. Annars vegar í áskriftarflokk þar sem almenningi bauðst að skrá sig fyrir hlutabréfum fyrir allt að 500.000 krónur að kaupverði á genginu 3,2. Í áskriftarflokknum var selt 40% hlutfjár Skýrr hf. en þau 4% sem eftir stóðu voru boðin út í tilboðssölu. Í þeirri sölu var tveimur hæstu tilboðunum tekið, annars vegar tilboði upp á 4 Mkr. að nafnverði á genginu 4,2 og hins vegar upp á 6 Mkr. að nafnverði á genginu 4,12.

Á mynd 2.7 kemur fram hvernig gengi hlutabréfa í Skýrr hf. hefur þróast frá því að skráning hófst á Verðbréfaþingi Íslands í júlí árið 1999.

---

<sup>19</sup> Framkvæmdanefnd um einkavæðingu (1999).


**Mynd 2.7. Gengisþróun hlutabréfa í Skýrr hf. árin 1999-2003**



Eins og sést á mynd 2.7 hækkaði verð hlutabréfa í Skýrr hf. umtalsvert strax eftir að sölu hlutabréfa ríkisins og Reykjavíkurborgar lauk. Hæst fór gengið upp í 28,75 krónur á hlut í mars árið 2000. Frá þeim tíma hefur verðið hins vegar farið lækkandi og fór það lægst niður í 4 krónur á hlut í lok júlí árið 2001 en hefur verið að sveiflast í kringum 5 krónur á hlut síðastliðið ár.

Ef þessi gengisþróun Skýrr hf. er borin saman við önnur fyrirtæki á upplýsingatækni-markaðnum sést að þessi mikla lækkun er ekkert einsdæmi. Eins og sést á mynd 2.8, þar sem borin er saman gengisþróun hjá Skýrr hf. og þremur öðrum upplýsingatækni-fyrirtækjum þá hefur samskonar þróun átt sér stað á markaðnum í heild.

**Mynd 2.8. Samanburður á gengisþróun Nýherja hf, Opinna kerfa hf., Skýrr hf. og Aco-Tæknivals hf. á tímabilinu júlí 1999 til janúar 2003**



Í töflu 2.11 koma fram helstu kennitölur úr reikningum Skýrr hf. Á árabílinu 1995 til 2002. Þar sést hvernig umsvif fyrirtækisins hafa farið stigvaxandi, til að mynda hefur veltan meira en tvöfaldast frá árinu 1995 miðað við fast verðlag. Einnig sést hve afkoma hefur verið sveiflukennd.

**Tafla 2.11. Helstu tölur úr reikningum Skýrr hf. Verðlag ársins 2001, (í Mkr.)**

	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001
Rekstrartekjur	880	891	1.080	1.274	1.379	1.629	1.992
Hagnaður/(tap)	9	(85)	39	65	115	232	(128)
Eignir	536	684	739	859	1.071	1.578	1.297
Skuldir	413	601	607	663	767	899	866
Eigið fé	198	182	222	285	385	584	431

Heimild: Ársreikningur Skýrr hf.

### 2.2.3 Bifreiðaskoðun hf.

Bifreiðaskoðun Íslands hf. hafði verið starfrækt, eins og áður hefur komið fram, frá árinu 1988 þegar Bifreiðaeftirlit ríkisins var lagt niður og hið nýja félag fékk einkaleyfi til skoðana og skráningar ökutækja. Megin markmiðið með þessu breytta fyrirkomulagi var að koma á faglegri skoðun ökutækja og þar með auknu umferðaröryggi.

Upphaflega var félaginu veittur einkaréttur á skoðun og skráningu ökutækja, skv. sérstökum samningi við dómsmálaráðherra. Ágætur hagnaður var af starfsemi fyrirtækisins og fram komu raddir um að félagið væri að misnota einokunarstöðu sína. Dómsmálaráðuneytið og stjórn Bifreiðaskoðunar Íslands ákváðu því að breyta samningi sínum þannig að fleirum gæfist kostur á að reka skoðunarstöðvar. Í ársbyrjun 1995 felldi dómsmálaráðuneytið úr gildi einkaleyfi Bifreiðaskoðunar Íslands til að skoða ástand bifreiða og því gátu fleiri fyrirtæki komið inn á þann markað með tilskildum leyfisbréfum. Bifreiðaskoðun Íslands hafði þó ennþá undir höndum rekstur ökutækjaskrár.<sup>20</sup>

Til þess að jafna samkeppnisstöðuna á bifreiðaskoðunarmarkaðnum var ákveðið að skipta Bifreiðaskoðun Íslands í tvö félög, Bifreiðaskoðun hf. og Skráningarstofuna hf. Bifreiðaskoðun ætti og ræki skoðunarstöðvar en Skráningarstofan annaðist ökutækjaskráningu. Í fyrstu yrðu þessi tvö félög í eigu sama aðila en síðar ætlaði ríkið að selja sín hlutabréf í Bifreiðaskoðun hf.

<sup>20</sup> Framkvæmdanefnd um einkavæðingu (1999).

Eftir að samkomulag hafði náðst í mars árið 1997 með hvaða hætti bæri að skipta eignum Bifreiðaskoðunar Íslands á milli þessara tveggja félaga var hafinn undirbúningur á sölu hlutabréfa ríkisins í Bifreiðaskoðun hf. Venju samkvæmt var verðbréfafyrirtæki fengið til að gera úttekt á verðmæti félagsins og varð niðurstaðan sú að almenningi skyldu boðin kaup á bréfum í áskrift á genginu 2,5 og þau bréf sem ekki seldust með þeim hætti yrðu síðan boðin út með tilboðsfyrirkomulagi. Flest bréfin seldust upp á áskriftartímabilinu en þau sem eftir stóðu voru boðin út með tilboðsfyrirkomulagi og var gengið að hæsta tilboðinu sem var í öll óseld hlutabréf á genginu 2,75.

Þegar lokið hafði verið sölu á hlut ríkisins í Bifreiðaskoðun hf. var nafni fyrirtækisins breytt í Frumherja hf. og hefur afkoma þess félags farið batnandi á undanförunum árum, eins og fram kemur í töflu 2.12.

**Tafla 2.12. Helstu tölur úr reikningum Bifreiðaskoðunar Íslands hf., Bifreiðaskoðunar hf. og Frumherja hf. Verðlag ársins 2001, (Mkr.)**

	1993	1994	1995*	1996	1997	1998	1999	2000	2001
Rekstrartekjur	597	579		77	335	388	432	476	633
Hagnaður/(tap)	24	42		(14)	(25)	8	23	1	32
Eignir	844	868		524	499	477	480	511	783
Skuldir	461	446		184	197	176	139	181	405
Eigið fé	382	423		340	331	325	356	340	378

Heimild: Ársskýrslur fyrirtækja.

\*Einkaleyfi Bifreiðaskoðunar Íslands hf. til ástandsskoðunar á bifreiðum afnumið og fyrirtækinu skipt upp í tvær einingar.

#### 2.2.4 Íslenska járnblendifélagið hf.


Íslenska járnblendifélagið hf. var stofnað 28. apríl 1975 af ríkisstjórn Íslands í samvinnu við fyrirtækið Union Carbide í Bandaríkjunum með þeim tilgangi að byggja, eiga og reka verksmiðju á Íslandi til framleiðslu á kísiljárn, að vinna að sölu á kísiljárn og að hafa um hönd alla starfsemi eða viðskipti, sem atvinnurekstur þessi þarfnast eða honum fylgir. Árið eftir stofnun Járnblendifélagsins dró Union Carbide sig út úr samstarfinu en í stað þess kom norska fyrirtækið Elkem. Samstarf ríkisins og Elkem hefur staðið síðan en nú er Elkem meirihlutaeigandi í félaginu. Sumitomo Corporation í Japan gerðist hluthafi í Járnblendifélaginu árið 1984.

Í maí 1997 var framkvæmdanefnd um einkavæðingu falið að selja allt hlutafé ríkisins í íslenska járnblendifélaginu fyrir utan þau 12% sem samningar kváðu á um að Elkem

og Sumimoto hefðu forkaupsrétt að. Ákveðið var að selja 60% hlutabréfanna á föstu gengi til starfsmanna fyrirtækisins og almennings en 40% í tilboðssölu. Á grundvelli verðmats fagaðila var ákveðið að gengi hlutabréfa í almennri sölu skyldi vera 2,5. Í tilboðssölu barst alls 51 tilboð og voru þrjú þeirra samþykkt á genginu 3,01 til 3,05.<sup>21</sup>

Að lokinni sölu hlutabréfa ríkisins var félagið skráð á Verðbréfaþing Íslands en á mynd 2.9 kemur fram hvernig gengi hlutabréfanna hefur þróast frá fyrsta skráningardegi í maí 1998.

**Mynd 2.9. Gengisþróun hlutabréfa í Íslenska járnblendifélaginu hf.**



Ástæður þeirrar slöku gengisþróunar sem kemur fram á mynd 2.9 er að mestu hægt að skýra af versnandi afkomu félagsins undanfarin ár, þörf þess til hlutafjáraukningar sökum lækkandi heimsmarkaðsverðs á kísiljárn og almennrar þróunar hlutabréfamarkaðarins hér á landi. Í töflu 2.13 koma fram helstu rekstrar- og efnahagstölur félagsins síðastliðin ár.

<sup>21</sup>Framkvæmdanefnd um einkavæðingu (1999).

**Tafla 2.13. Helstu tölur úr reikningum Íslenska járnblendifélagsins hf. Verðlag ársins 2001, (Mkr.)**

	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001
Rekstrartekjur	4.226	4.443	4.155	3.729	3.225	4548,2	5.456
Hagnaður/(tap)	636	732	463	329	(305)	(654)	(210)
Eignir	4.487	4.785	5.088	6.020	8.865	9.742	10.891
Skuldir	2.316	2.052	1.025	1.743	5.097	5.739	5.809
Eigið fé	2.593	3.069	4.215	4.511	4.309	4.348	5.082

Heimild: Ársskýrslur Íslenska Járnblendifélagsins.

### 2.2.5 Íslenskur markaður hf.

Árið 1970 var hlutafélagið Íslenskur markaður hf. stofnað með þátttöku nokkurra framleiðslufyrirtækja og félagasamtaka. Var það gert með þeim tilgangi að mynda sameiginlegan vettvang til að auka sölu og kynningu á íslenskum iðnvarningi á Keflavíkurflugvelli. Fram til ársins 1998 var fyrirtækinu sett það skilyrði að selja einungis íslenskar vörur en í kjölfar þess að verslunarrými Leifsstöðvar var stækkað árið 1997 var það skilyrði fellt niður.

Framkvæmdasjóður Íslands eignaðist árið 1989 eignarhlut tveggja stærstu hluthafa Íslensks markaðar hf, þ.e. Iðnaðardeildar SÍS og Álafoss hf. Heildarhlutur Framkvæmdasjóðs varð með þessu tæp 55%.

Í október 1997 var framkvæmdanefnd um einkavæðingu falið að annast sölu á þessum hlut Framkvæmdasjóðs í Íslenskum markaði hf. Á grundvelli verðmats utanaðkomandi fagaðila var lágmarksverð ákveðið 90 Mkr. miðað við staðgreiðslu. Bréfin voru auglýst til sölu árið 1998 og bárust tvö tilboð frá einum og sama aðila, annars vegar upp á tæpar 90,2 Mkr. og hins vegar að upphæð rúmar 90,3 Mkr. Gengið var að herra tilboðinu.<sup>22</sup>

Frá árinu 1998 hefur einkaaðili rekið verslun Íslensks markaðar hf. á efri hæð flugstöðvar Leifs Eiríkssonar í Keflavík. Helsti samkeppnisaðilinn er Fríhöfnin, sem er verslunarsvið Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar hf. (FLE) og er í eigu ríkisins. FLE greinist í tvö afkomusvið, það er verslunarsvið og fasteignasvið, en Íslenskur markaður leigir húsnæði af fasteignasviðinu. Þannig er Íslenskur markaður hf. bæði í beinni samkeppni og umtalsverðum viðskiptum við FLE.

<sup>22</sup> Framkvæmdanefnd um einkavæðingu (1999).

Í kjölfar forvals um aðgang og afnot verslunar- og þjónusturýmis í flugstöðinni sem FLE stóð fyrir þann 15. ágúst 2002, með hliðsjón af fyrirætlaðri stækkun flugvallarins, sendi Íslenskur markaður hf. inn kvörtun til samkeppnisráðs. Í þeirri kvörtun er sett fram sú ósk að samkeppnisyfirvöld hlutist til um aðskilnað verslunar- og fasteignasviðs FLE þar sem tengsl þessara tveggja sviða hafi í för með sér mikinn fjárhagslegan styrkleika og veiti í raun óeðlilegt forskot gagnvart keppinautunum. Í ákvörðun samkeppnisráðs er að nokkru leyti tekið undir þessa kvörtun og FLE gert að fresta framkvæmd þess þáttar forvals er lýtur að rekstri verslana á frísvæði flugstöðvarinnar til 1. júní 2003 og fyrir þann tíma að upplýsa Samkeppnisstofnun um til hvaða aðgerða hafi verið gripið í því skyni að tryggja að starfsemi FLE varðandi útleigu á verslunarrými og verslun á frísvæði sé í samræmi við ákvæði samkeppnislaga.

#### *2.2.6 Fjárfestingarbanki atvinnulífsins hf.*

Fjárfestingarbanki atvinnulífsins hf. (FBA) var stofnaður með lögum nr. 60/1997 og hóf starfsemi í ársbyrjun 1998 þegar bankinn tók við eignum og skuldbindingum fjögurra fjárfestingarlánasjóða, öðrum en þeim sem ráðstafað hafði verið til Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins sem stofnaður var á sama tíma. Þessir sjóðir voru Fiskveiðasjóður Íslands, Iðnlánasjóður, Iðnþróunarsjóður og Útflutningslánasjóður.

Eitt af meginmarkmiðum ríkissjóðs með sameiningu hinna fjögurra fjárfestingarsjóða og stofnun FBA var að selja hlutabréf ríkissjóðs í fyrirtækinu og strax í febrúar 1998 var áætlun um sölu á 49% hlut í bankanum samþykkt á ríkisstjórnarfundi.

Þar sem að þau innlendu fyrirtæki sem sérhæfðu sig í verðmati á hlutabréfum voru öll í beinni samkeppni við bankann var leitað til erlendra aðila í það verk. Óskað var eftir tilboði fjögurra virtra aðila en þrír þeirra skiluðu inn tilboði. Ákveðið var að taka lágsta tilboðinu, sem var frá Arthur Andersen í London.

Þegar niðurstaða verðmatsins lá fyrir lagði framkvæmdanefnd um einkavæðingu fram tillögu um að almenningi yrði boðið að kaupa hlutabréf í FBA á genginu 1,4 og fallist var á hana. Þar sem að stefna ríkisstjórnar var að stuðla að dreifðri eignaraðild að bankanum var ákveðið að hafa sölufyrirkomulag með þeim hætti að einstaklingum og

lögáðilum bauðst að skrá sig fyrir hlutum allt að 3 Mkr. að nafnverði, en í boði voru alls bréf að nafnverði 3.332 Mkr. Síðan átti að bjóða út í tilboðssölu það hlutafé sem ekki seldist í almennri sölu og yrði hverjum og einum heimilt að gera tilboð í allt að 3% hlutafjár bankans.<sup>23</sup>

Alls skráðu 10.734 einstaklingar sig í útboðinu fyrir um 18.900 Mkr. að söluverði en til sölu voru í heild bréf fyrir 4.665 Mkr. að söluverði. Skera þurfti því niður hámarksnafnverð sem hverjum áskrifanda var heimilt að kaupa þar til heildarnafnverð seldra bréfa væri komið niður í 3.332 Mkr. Eftir þá skerðingu var hámarkshlutur hvers og eins 360 þúsund kr. að nafnverði eða 504 þúsund kr. að söluverði.

Þessi mikla eftirspurn eftir bréfunum kom flestum á óvart og varð til þess að gengi bréfanna fór að vaxa jafnt og þétt. Í apríl 1999 var gengi bréfa í FBA komið upp í 2,4 á hlut og í október sama ár var það orðið 2,8. Meginástæðan fyrir þessari gengishækkun voru líklega þeir möguleikar sem menn sáu til hagræðingar með sameiningu FBA við einhverja aðra fjármálastofnun.

Sá 51% hlutur sem ríkið átti eftir í FBA var síðan auglýstur til sölu í október 1999, en ákveðið var að bjóða þessa meirihlutaeign til sölu í einu lagi en ekki í áskriftarsölu til almennings eins og upprunalega hafði verið stefnt að. Var þetta gert til að tryggja að hámarksverð fengist fyrir eftirstandandi hlut ríkisins í bankanum. Til að markmiðinu um dreifða eignaraðild í bankanum yrði haldið var þó sett það skilyrði að enginn einn aðili mætti eiga meira en sex prósent í bankanum þannig að fjárfestar urðu að hópa sig saman um tilboð. Eitt tilboð barst frá hópi 26 fjárfesta í allan eftirstandandi eignarhlut ríkisins í FBA á genginu 2,8 sem var lágmarks sölugengið skv. viðkomandi söluskilmálum. Gengið var að því tilboði og skilaði það ríkissjóði rúmum 9,7 milljörðum króna.<sup>24</sup>

Eftir þessi eigendaskipti var FBA rekið áfram með sama hætti og áður þar til félagið sameinaðist Íslandsbanka hf. í júní árið 2000. Var það gert með samruna þessara tveggja félaga í Íslandsbanka-FBA hf. í 51% eigu Íslandsbanka og 49% eigu FBA. Með því móti sköpuðust skilyrði fyrir þeirri hagræðingu sem vonast hafði verið eftir frá árinu 1998.

<sup>23</sup> Framkvæmdanefnd um einkavæðingu (1999).

<sup>24</sup> Morgunblaðið, miðvikudagur 17. nóvember 1999: bls 34-35.



### 2.2.7 Íslenskir aðalverktakar hf.

Íslenskir aðalverktakar hf. voru stofnaðir 31. maí 1997 með yfirtöku flestra eigna og skuldbindinga Íslenskra aðalverktaka sf. auk allra verksamninga þeirra. Íslenskir aðalverktakar sf. voru upphaflega stofnaðir að frumkvæði íslenskra stjórnvalda og rekstur félagsins byggðist á árlegri tilnefningu utanríkisráðherra til verktöku fyrir Varnarliðið til eins árs í senn. Félagið var stofnað til að uppfylla samningsskyldur Íslands við Bandaríkin samkvæmt samningi um verktöku frá 1954. Stofnaðilar Íslenskra aðalverktaka sf. voru ríkissjóður með 25% eignaraðild, Sameinaðir verktakar hf. með 50% og Reginn hf. með 25%.

Upp úr 1990 varð ljóst að þeirri skoðun hafði vaxið fylgi að breyta ætti verktökufyrirkomulagi á Íslandi. Bandalagsþjóðir Íslands í NATO stefndu að breyttu fyrirkomulagi en stöðugt stærri hluti varnarframkvæmda var frá þeim tíma fjármagnaður af Mannvirkjasjóði NATO. Ríkisstjórn Íslands samþykkti árið 1992 að útboð framkvæmda á vegum NATO yrðu opin fyrirtækjum í öllum aðildarlöndum bandalagsins. Í framhaldi af því var í samningum íslenskra og bandarískra stjórnvalda í ársbyrjun 1996 tekin ákvörðun um að afnema í áföngum það fyrirkomulag að íslensk stjórnvöld tilnefndu verktaka til að semja um framkvæmdir á varnarsvæðum og að stefnt yrði að frjálsum útboðum verkefna í framtíðinni.<sup>25</sup> Í lok ársins 2003 er gert ráð fyrir að réttur Íslenskra aðalverktaka til tiltekinnar verktöku á varnarsvæðum verði að fullu afnuminn.

Í byrjun ársins 1998 fól utanríkisráðuneytið framkvæmdanefnd um einkavæðingu að annast undirbúning á sölu hlutabréfa ríkissjóðs í Íslenskum aðalverktökum hf. Lagði nefndin til að ríkið seldi fyrst 15% af sínum hlut með tilboðsfyrirkomulagi þar sem öllum væri heimilt að leggja inn tilboð. Ekki ætti að bjóða félagið til sölu til almennings með áskriftarfyrirkomulagi að svo stöddu þar sem félagið væri enn nokkuð óþekkt og í áhættusömum rekstri. Þó var ákveðið að bjóða starfsmönnum

---

<sup>25</sup> Heimild: <http://www.iav.is>


sérstaklega að kaupa hlutabréf að nafnvirði allt að 500.000 kr. hver á genginu 1,75. Utanríkisráðuneytið samþykkti þessa tillögu og fór salan fram í lok ársins 1998.<sup>26</sup>

Alls bárust 124 tilboð upp á 163 Mkr. að nafnvirði eða rúmlega 293 Mkr. að kaupverði en til sölu voru 200 Mkr. að nafnvirði. Meðalgengi tilboða var 1,8. Til starfsmanna seldust bréf fyrir tæplega 88 Mkr. á nafnvirði eða alls 154 Mkr. að kaupverði, en þeim bauðst að kaupa bréf fyrir allt að 140 Mkr. að nafnvirði.

Eftir þessa sölu var hlutur ríkissjóðs 39,86% af heildarhlutafé Íslenskra aðalverktaka hf. og til stóð að selja meira árið 1999 en af því hefur ekki enn orðið.

Á mynd 2.10 má sjá gengisþróun hlutabréfa í Íslenskum aðalverktökum frá lokum ársins 1998.

**Mynd 2.10. Gengisþróun hlutabréfa í Íslenskum aðalverktökum hf.**



Frá árinu 1998 hefur töluverð endurskipulagning átt sér stað innan Íslenskra aðalverktaka. Félagið hefur notað umtalsverðar upphæðir til fjárfestinga í samræmi við stefnumótun stjórnar um framtíðarstarfsemi félagsins. Á árinu 1999 keypti félagið til að mynda allt hlutafé í tveimur rótgrónum byggingarverktakafyrirtækjum, Ármannsfelli hf. í Reykjavík og Álftárósi ehf. í Mosfellsbæ. Einnig hefur félagið eignast allt hlutafé í Byggingarfélaginu Úlfarsfelli hf. en eina starfsemi þess félags var eignarhald á Blikastaðalandi í Mosfellsbæ og landsvæði á Álftanesi. Uppbygging og framkvæmdir eru þegar hafnar á Álftaneslandinu en Blikastaðalandið biður uppbyggingar sem framtíðarbyggingarsvæði fyrir á annað þúsund íbúðir auk iðnaðar

<sup>26</sup> Framkvæmdanefnd um einkavæðingu (1999).

og þjónustusvæða.<sup>27</sup> Í dag er félagið orðið stórt alhliða verktaka- og fasteignafyrirtæki og nam velta samstæðunnar á árinu 2001 í heild tæpum 8,6 milljarða króna. Í töflu 2.14 eru nánari upplýsingar um helstu rekstrartölur samstæðunnar.

**Tafla 2.14. Helstu tölur úr reikningum Íslenskra aðalverktaka hf. Verðlag ársins 2001, (Mkr.)**

	1998	1999	2000	2001
Rekstrartekjur	4.596	6.971	10.359	8.559
Hagnaður	143	232	216	182
Eignir	5.632	10.531	9.329	8.274
Skuldir	2.814	8.754	6.541	5.179
Eigið fé	3.196	2.706	3.181	3.095

Heimild: Ársreikningur Íslenskra aðalverktaka hf.

Árið 1998 störfuðu um 358 manns hjá fyrirtækinu en nú árið 2003 eru starfsmenn í kringum 505 talsins.

#### 2.2.8 Stofnfiskur hf.

Stofnfiskur hf. var stofnaður 6. mars 1991 af Laxeldisstöð ríkisins í Kollafirði fyrir hönd ríkisins og af Silfurlaxi hf. Hluttur ríkissjóðs var 75%. Upphaflega var mest áhersla lögð á kynbætur fyrir hafbeit en samfara því var hafinn undirbúningur að kynbótum fyrir laxeldi með vali á stofnum, m.a. fyrir Silfurlax hf. Við rekstrarstöðvun þess fyrirtækis árið 1995 urðu miklar breytingar á rekstrarumhverfi Stofnfisks hf. og á árinu 1995 hófst útflutningur á hrognum til eldis í Chile og Írlandi. Síðustu árin hefur mest áhersla verið lögð á sölu hroгна og ráðgjafarþjónustu til laxeldis og í dag er fyrirtækið stærsti framleiðandi á laxa- og silungshrognum á Íslandi.

Í kjölfar endurskilgreiningar á starfsemi fyrirtækisins stóð rekstur þess á talsverðum tímamótum. Mikilvægt þótti á þeim tímapunkti að laða að nýja fjárfesta sem jafnframt gætu leitt aukna þekkingu inn í fyrirtækið. Því var undirbúin hlutafjárúkning og jafnframt átti að reyna að selja hlut ríkisins í Stofnfiski hf. Ekki þótti þó alveg ljóst hvort fyrirtækið samræmdist öllum þeim reglum um einkavæðingu sem settar höfðu verið, þ.e. að afnema skyldi öll sérréttindi ríkisfyrirtækja áður en til sölu á

<sup>27</sup> Heimild: <http://www.iav.is>

hlutabréfum kemur, þar sem samningur var í gildi á milli ríkissjóðs og fyrirtækisins um rannsóknir og kynbætur á vatna- og sjávardýrum.

Eftir að gengið hafði verið úr skugga um að fyrirtækið stæðist í raun öll skilyrði til einkavæðingar var sú ákvörðun þó tekin að í fyrstu yrði hlutur ríkisins einungis minnkaður með útgáfu á nýju hlutafé, en síðar skyldi hugað að sölu á eftirstandandi hlut ríkisins. Í byrjun ársins 1999 var hlutafé í Stofnfiski, að nafnvirði 40 Mkr., boðið út með tilboðsfyrirkomulagi og jafnframt var starfsfólki fyrirtækisins boðið að kaupa bréf á genginu 1,4 fyrir allt að 500 þús.kr. að nafnvirði hver. Eftirspurn eftir bréfunum reyndist meiri en framboðið og alls bárust 25 tilboð að nafnvirði um 48 Mkr. á meðalgenginu 2,17. Hæstu tilboðunum var tekið sem hljóðuðu alls upp á rúma 91 m.kr á meðalgenginu um 2,28. Auk þess keyptu starfsmenn fyrirtækisins samtals bréf fyrir 9 Mkr. á nafnvirði eða upp á 12,6 Mkr. á kaupverði. Að þessari sölu lokinni var hlutur ríkisins rúmlega 40% í fyrirtækinu.<sup>28</sup>

**Tafla 2.15. Helstu eigendur Stofnfisks hf. í árslok 2002**

Grandi hf.	31,25%
Fjárfestingarfélagið Straumur hf.	13,05%
Suðurrhraun ehf.	12,77%
Fjord Seafood ASA	9,26%
Guðmundur A. Birgisson	6,94%
Aðrir Hluthafar (alls 37)	26,73%

Árið 2001 var eftirstandandi hlutur ríkisins boðinn út. Seldust öll bréfin fyrir alls 267 Mkr. að kaupverði. Helstu eigendur í lok árs 2002 eru sýndir í töflu 2.15.

### 2.2.9 Skólavörubúð Námsgagnastofnunar

Árið 1996 var framkvæmdanefnd um einkavæðingu falið að kanna, með stjórnendum Námsgagnastofnunar, möguleika á einkavæðingu afmarkaðra þátta í starfsemi stofnunarinnar. Í kjölfar þess var ráðgjafafyrirtækinu VSÓ-ráðgjöf falið það verkefni að skoða rekstur Námsgagnastofnunar og koma með tillögur um heppilegt rekstarform. Í júní árið 1997 skilaði ráðgjafafyrirtækið skýrslu þar sem fram komu nokkrir valkostir. Þrír helstu kostirnir voru eftirtaldir:

<sup>28</sup> Framkvæmdanefnd um einkavæðingu (1999).

1. Óbreytt starfsemi, en skólar fengju þó meira frelsi til námsgagnakaupa en áður.
2. Stofnuninni yrði breytt í hlutafélag.
3. Öll útgáfa stofnunarinnar yrði færð til einkaaðila með útboðum og þjónustusamningum.

Ekki náðist samstaða um neina af þeim tillögum sem fram komu í skýrslunni en að lokum var ákveðið að skilja þó rekstur Skólavörubúðar frá öðrum rekstri stofnunarinnar og selja búðina.

Í ársbyrjun 1999 var Skólavörubúðin auglýst til sölu og bárust tvö tilboð. Hærra tilboðinu var tekið sem hljóðaði upp á 36,8 Mkr. og kom frá GKS hf.

Frá því að kaupsamningurinn var undirritaður hefur Skólavörubúðin flutt starfsemi sína frá Laugavegi yfir á Smiðjuveg í Kópavogi og rekur þar í dag sérsverslun með skóla- og skrifstofubúnað.

#### *2.2.10 Áburðarverksmiðjan hf.*

Áburðarverksmiðjan hf. var upphaflega stofnuð árið 1952 og hóf hún framleiðslu á áburði í sérsníðaðri verksmiðju í Gufunesi árið 1954.

Með lögum nr. 89/1994 um stofnun hlutafélags um Áburðarverksmiðju ríkisins var ákveðið að hlutafélag í eigu ríkisins skyldi yfirtaka rekstur verksmiðjunnar. Í lögunum var veitt heimild til sölu alls hlutafjár félagsins.

Árið 1995 var einkaréttur Áburðarverksmiðjunnar til framleiðslu og sölu áburðar afnuminn og innflutningur þannig gerður frjáls. Í kjölfar þess urðu nokkrar tilraunir hjá einkaaðilum til þess að hefja innflutning sem leiddi almennt til lækkunar á verði áburðar.

Eftir að framkvæmdanefnd um einkavæðingu hafði skoðað ýmsa möguleika við sölu á hlut ríkisins í Áburðarverksmiðjunni hf. var tekin sú ákvörðun að bjóða bréfin út í tilboðssölu. Var sú leið að bjóða bréfin út í dreifðri sölu til almennings ekki talin heppileg í þessu tilfelli þar sem framtíð fyrirtækisins væri háð of mikilli óvissu. Tvö tilboð bárust í félagið þegar þau voru opnuð þann 30. maí 1997. Hærra tilboðið var

upp á 725 Mkr. en þar sem það verð var töluvert undir reiknuðu upplausnarvirði eigna félagsins var báðum tilboðunum hafnað. Því var ákveðið að fresta sölu á Áburðarverksmiðjunni að sinni og þess í stað að fela þáverandi stjórnendum fyrirtækisins það verkefni að bæta rekstrarstöðuna, sem ekki hafði verið ásættanleg undanfarin ár.<sup>29</sup> Árið 1999 voru bréfin síðan boðin til sölu á nýjan leik og þá bárust þrjú tilboð, það hæsta að upphæð 1.257 Mkr. og var því tilboði tekið.

Frá árinu 1999 var framleiðsla í áburðarverksmiðjunni haldið áfram með óbreyttum hætti í Gufunesi allt fram til 1. október árið 2001 þegar öflug sprenging varð í verksmiðjunni. Í kjölfar þeirrar sprengingar var tekin sú ákvörðun að hætta efnaframleiðslu í Áburðarverksmiðjunni. Í febrúar 2002 var síðan skrifað undir kaupsamning Reykjavíkurborgar og Áburðarverksmiðjunnar um kaup borgarinnar á öllum fasteignum og aðstöðu verksmiðjunnar í Gufunesi. Hljómaði sá kaupsamningur upp á 1.280 Mkr. og samkvæmt honum bar Áburðarverksmiðjunni að fjarlægja þau mannvirki sem fylgdu efnavinnslu á svæðinu fyrir 15. maí 2002 en fyrirtækið leigir þó aðra aðstöðu á svæðinu a.m.k. til 1. september 2003.<sup>30</sup>

Að sögn forsvarmanna Áburðarverksmiðjunnar er framtíðarstaðsetning fyrirtækisins ekki enn orðin ljós en ýmsar hugmyndir munu þó vera í athugun. Gera menn ráð fyrir að starfsemin muni fara vaxandi á komandi árum, en ekki mun þó efnaframleiðsla hefjast á nýju hjá fyrirtækinu heldur verður lögð áhersla á blöndun og söludreifingu innflutts áburðar.

### 2.2.11 Hólalax hf.

Fyrirtækið Hólalax hf. var stofnað á Hólum í Hjaltadal árið 1979. Megin tilgangur félagsins var bygging og rekstur fiskeldisstöðva, kennsla og leiðbeiningarstarfsemi í fiskeldi í samvinnu við Bændaskólann á Hólum og sala á vatnafiski. Upprunalega hafði verið lögð áhersla á framleiðslu á seiðum til fiskiræktar en sá rekstur stóð ekki undir sér og í dag byggist starfsemi fyrirtækisins að mestu leyti á framleiðslu og rannsóknum á bleikju.

<sup>29</sup> Framkvæmdanefnd um einkavæðingu (1999).

<sup>30</sup> *Morgunblaðið*, 20. febrúar 2002; bls. 2

Í kjölfar þeirra breytinga sem áttu sér stað í rekstri Hólalax með sívaxandi umsvifum og batnandi afkomu töldu menn eðlilegt að ríkissjóður færi að draga sig út úr rekstri fyrirtækisins. Árið 1997 var framkvæmdanefnd um einkavæðingu falið að hefja undirbúning á sölu allra hlutabréfa ríkisins í Hólalaxi. Voru fagaðilar fengnir til að gera verðmat á fyrirtækinu og í kjölfar þess var hlutur ríkisins boðinn út í tilboðssölu í júní 1998. Þjóðendum var gefinn kostur á að bjóða í allan hlut ríkissjóðs eða í 7,4 Mkr. að nafnvirði. Aðeins barst eitt tilboð sem var upp á 5,58 Mkr. að nafnvirði á genginu 1,03. Þar sem upplausnarvirði félagsins hafði verið miðað við a.m.k. gengið 1,4 á hlut var þessu tilboði hafnað. Árið 1999 var síðan gerð önnur tilraun til sölu og þá kom fram tilboð í þennan hluta ríkisins upp á um 9 Mkr. eða á genginu 1,6 frá starfsmönnum Hólalax og Fiskiðjunni Skagfirðingi hf. og var því tilboði tekið. Í dag er því Hólalax hf. rekinn af einkaaðilum.

#### 2.2.12 *Búnaðarbanki Íslands hf.*


Í maí 1997 voru samþykkt lög um stofnun hlutafélags um Búnaðarbanka Íslands. Stofnfundur var haldinn í september sama ár og tók Búnaðarbanki Íslands hf. til starfa 1. janúar 1998.

Í nóvember 1999 var tekin ákvörðun á ríkisstjórnarfundum að leita heimildar Alþingis til að selja 15% af hlutafé ríkisins í Búnaðarbankanum og fékkst sú heimild skömmu síðar. Útboðið á þessum 15% hlut fór fram dagana 15.-17. desember 1999 og var það í tvennu lagi. Annars vegar var almennt útboð á hlutabréfum að upphæð 350 Mkr. á genginu 4,1 sem boðið var út í áskriftarformi. Reyndist eftirspurnin meira en tísföld sú fjárhæð og varð því að skera niður hámarksáskrift hvers og eins í 15 þús. kr. að nafnverði eða 61.500 kr. að söluverði. Á hinn boginn var leitað eftir tilboðum í hlutabréf að nafnverði 175 Mkr. og eftirspurnin eftir þeim varð meira en fjórföld en tekið var 28 hæstu tilboðunum á meðalgenginu 4,558. Ríkissjóður seldi því í þessu útboði hlutabréf í Búnaðarbankanum á nafnverði 525 Mkr. fyrir liðlega 2.200 Mkr.<sup>31</sup>

---

<sup>31</sup> Búnaðarbanki Íslands. (1999). Ársskýrsla.

**Mynd 2.11. Gengispróun hlutabréfa í Búnaðarbanka Íslands hf.**



Ekki var meira gert í einkavæðingaráformum um Búnaðarbankann fyrr en um miðbik ársins 2002 þegar viðræður hófust um sölu á stórum hluta til kjölfestufjórðings. Þeim viðræðum lauk í lok ársins 2002 þegar skrifað var undir kaupsamning við fjárfestingarhóp undir merkjum Eglu ehf., Samvinnulífeyrissjóðsins og Vátryggingafélags Íslands hf. um kaup þeirra á 45,8% hlutabréfa í Búnaðarbanka Íslands hf. á meðalgenginu 4,81. Kaupverðið var rúmar 11,9 milljarðar króna, að tveimur þriðja hluta greitt í Bandaríkjadöllum.

Eftir þessi viðskipti er eignarhlutur ríkisins í Búnaðarbanka Íslands um 9%. Gera má ráð fyrir að sá hluti verði fljótlega seldur til að fjármagna þær framkvæmdir sem ríkisstjórnin hefur ákveðið að fara út í á næstunni með því markmiði að örva atvinnulífið.

### 2.2.13 Landsbanki Íslands hf.


Um leið og Búnaðarbanka Íslands var breytt í hlutafélag var hið sama gert við hinn ríkisviðskiptabankann, Landsbanka Íslands. Einnig var ákveðið að selja 15% af hlutafé ríkisins í Landsbankanum samhliða sölunni í Búnaðarbankanum.

Mikil eftirspurn var eftir hlutabréfum í Landsbankanum í útboðinu sem fram fór í desember 1999 og alls bárust tilboð frá um 28 þúsund aðilum. Í almennu útboði var selt hlutafé að nafnverði 550 Mkr. á genginu 3,80 en tilboð bárust í hlutafé að rúmlega áttfaldri þeirri fjárhæð, eða um 4.700 Mkr. Í tilboðshluta útboðsins voru seld bréf að



nafnverði 275 Mkr. en þau tilboð sem bárust voru samanlagt að nafnverði 1.156 Mkr. á meðalgengi 4,12. Meðalgengi samþykkrtra tilboða var hins vegar 4,34. Söluandvirði 15% hlutafjár ríkissjóðs í Landsbanka Íslands nam því um 3.283 Mkr. en samtals námu tilboð í hlutabréfin og áskriftarbeiðnir um 22.600 Mkr.<sup>32</sup>

**Mynd 2.12. Gengisþróun hlutabréfa í Landsbanka Íslands hf.**



Í lok maí árið 2002 ákvað ríkisstjórnin að selja 20% heildarhlutafjár bankans í almennu útboði og var það gert í gegnum viðskiptakerfi Verðbréfaþings. Fór salan þannig fram að Landsbankinn lagði fram sölutilboð fyrir hönd ríkisins í útboðinu og síðan átti að láta það ráðast af eftirspurninni hvaða endanlega verð fengist fyrir bréfin. Fyrstu þrjú daga útboðstímabilsins var útboðsgengið fest í 3,5 sem var 0,3 lægra en í almenna útboðinu 1999. Var það nokkuð í takt við gengisþróunina undanfarin tvö ár eins og sést á mynd 13. Hámarksfjárhæð sem einstökum fjárfestum og tengdum aðilum stóð til boða nam 4% af heildarhlutafé bankans. Útboðið fór fram í júní 2002 og seldust öll þau bréf sem í boði voru á fyrsta útboðsdegi. Til sölu voru bréf að heildarnafnverði 1.369 Mkr. en alls fengust um 4.736 Mkr. fyrir þennan 20% hlut. Að þessari sölu lokinni var eignarhlutur ríkisins kominn niður í 48,29% af heildarhlutafé bankans.

Fljótlega eftir þessa sölu á 20% í Landsbanka Íslands hófust viðræður um sölu á stórum hluta af eftirstandandi eignarhlut ríkisins til kjölfjárfestis. Þessar viðræður leiddu til þess að í lok ársins 2002 var undirritaður kaupsamningur á milli íslenska ríkisins og Samson eignarhaldsfélags ehf. um kaup Samson á 45,8% hlut í

Landsbanka Íslands hf. á meðalgenginu 3,91 að fullu greitt í bandaríkjadöllum. Söluverðmæti sammingsins er í kringum 12,3 milljarðar króna en þó eru í honum ákvæði um takmarkaða verðaðlögun, allt að 700 Mkr., ef þróun tiltekinna efnahagsliða verður önnur en gengið var út frá í áætlun þeirri sem lá til grundvallar samningnum.

Að loknum þessum viðskiptum með kjölfestuhlut í Landsbankanum var eftirstandandi eignarhlutur ríkissjóðs um 2,5% en sá hluti var seldur þann 25. febrúar 2003. Var það gert með almennu útboði á fyrirfram ákveðnu gengi 3,73. Mikil ásókn var í þessi bréf og seldust þau upp á nokkrum mínútum. Þar með lauk einkavæðingu Landsbanka Íslands.

### **2.3 Einkavæðing 2000-2003**

Í stefnuyfirlýsingu núverandi ríkisstjórnar frá árinu 1999 er enn vikið að einkavæðingu og sett fram sú stefna að halda áfram á sömu braut og gert var á nýafstöðnu kjörtímabili. Tvö meginverkefni eru þó tilgreind sérstaklega en þau eru eftirfarandi:

Hlutabréf í ríkisbönkunum verði seld með það að markmiði að ná fram hagræðingu á fjármagnsmarkaði en tryggja um leið virka samkeppni á markaðnum til að ná fram ódýrari þjónustu. Við sölu verði þess gætt að ríkið fái hámarksverð fyrir eignir sínar í bönkunum. Hafinn verði undirbúningur að sölu Landssímans. Við sölu hans verði þess gætt að tryggja góða þjónustu á sem hagstæðustu verði við byggðir landsins og einnig að tryggja virka samkeppni á fjarskiptamarkaði. ... Tekjunum verði varið til að greiða niður skuldir ríkissjóðs, til að fjármagna sérstök verkefni í samgöngumálum og til að efla upplýsingasamfélagið.

#### *2.3.1 Intís hf.*

Internet á Íslandi hf. var stofnað árið 1995 til að taka við rekstri ISnets af Samtökum um upplýsinganet rannsóknaraðila á Íslandi. Tilgangur félagsins er skv. stofnsamþykktum eftirfarandi:

---

<sup>32</sup> Landsbanki Íslands. (1999). Ársskýrsla.

Að annast alþjóðlega tölvunetsþjónustu byggða á Internet stöðlum, einkum fyrir mennta- og rannsóknastofnanir; að eiga hlutdeild að alþjóðlegum tölvunetum; að stuðla að sem hagkvæmastri uppbyggingu tölvunets á landsvísu fyrir viðskiptamenn sína; að stunda rannsóknir og þróun á sviði tölvunetssamskipta og skyldrar starfsemi.

Lengst af var fyrirtækið starfrækt í umhverfi þar sem lítil sem engin samkeppni ríkti en árið 1999 hóf hins vegar Landssíminn hf. að bjóða samskonar þjónustu og Intís hf. Í kjölfar þess þótti ekki lengur ástæða fyrir að ríkið ætti hlut í fyrirtækinu og var því ákveðið að það drægi sig út úr rekstrinum. Árið 2000 var 22% hlutur ríkisins í fyrirtækinu seldur Íslandssíma hf. fyrir 64 Mkr. og í dag á Íslandssími 92,1% hlut í Intís hf.

### 2.3.2 *Kísiliðjan hf.*

Kísiliðjan hf. var stofnuð árið 1968 og hefur frá þeim tíma fengist við kísilgúrvinnslu við Mývatn í Mývatnssveit. Í gegnum árin hefur sú starfsemi verið nokkuð umdeild sökum skaðlegra áhrifa kísilgúrvinnslunnar á lífríki Mývatns og frá árinu 1993 hafði ríkt töluverð óvissa um framtíð fyrirtækisins. Var það í kjölfar þess er stjórnvöld höfðu óskum forráðamanna fyrirtækisins um leyfi til kísilgúrnáms í syðri flóa Mývatns, en námuleyfi verksmiðjunnar hafði eingöngu náð til vinnslu úr ytri flóanum. Áætlað var að kísilgúr úr þeim námum myndi klárast innan 2-3 ára.<sup>33</sup> Segja má að framtíð verksmiðjunnar hafi í raun byggst á því að þessi ákvörðun stjórnvalda yrði endurskoðuð.

Í nóvember árið 2000 felldi umhverfisráðherra úrskurð þar sem efnistöku kísilgúrs á afmörkuðum hluta af syðri flóanum var heimiluð. Með þeim úrskurði var framtíð verksmiðjunnar tryggð til a.m.k. nánustu framtíðar, en námaleyfið náði til loka ársins 2004 með möguleika á framlengingu í allt að tvö ár.

Viðræður um kaup Eignarhaldsfélagsins Alþýðubankans (EFA) á hlut ríkisins í Kísiliðjunni við Mývatn höfðu staðið um nokkurra ára skeið og í kjölfar úrskurðarins komst aukinn skriður á þær umræður. Í febrúar árið 2001 var síðan skrifað undir

---

<sup>33</sup>*Morgunblaðið*, 2. nóvember 2000; bls. 6

kaupsamning á milli Allied EFA<sup>34</sup> og ríkisins á 51% hlut í Kísiliðjunni hf. Einnig keypti Allied EFA á sama tíma þann 48,56% hlut sem fyrirtækið Celite Corporation átti í Kísiliðjunni, þannig að í dag á Allied EFA 98,56% í henni. Söluverðmæti 51% hlutarins var um 62 Mkr.<sup>35</sup>

Tilgangur Allied EFA með kaupunum var að byggja og reka kísilduftsverksmiðju í Mývatnssveit sem er starfsemi byggð á svipuðum grunni og þáverandi starfsemi Kísilverksmiðjan fékkst við.

### 2.3.3 Landssími Íslands hf.

Landssími Íslands var stofnaður sama ár og símtæknin kom til landsins árið 1906. Árið 1935 var síma- og pósthjónustan sett undir einn hatt en árið 1998 skildu leiðir á ný og Landssími Íslands hf. (Síminn) var stofnaður.

Um leið og Landssími Íslands hf. var stofnaður var einkaréttur hans til að veita fjarskiptahjónustu á Íslandi afdnuminn með öllu. Stofnun sem áður var rekin í einokunarumhverfi var þannig breytt í fyrirtæki sem starfar í samkeppnisumhverfi. Sú breyting hefur leitt til þess að nýjar áherslur hafa verið settar og í dag er fyrirtækið skilgreint sem alhliða hjónustufyrirtæki á sviði upplýsingatækni með höfuðáherslu á að tryggja viðskiptavinum hraða, þægindi og öryggi í samskiptum.<sup>36</sup>

Eins og fram kemur í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks frá árinu 1999 var eitt verkefna kjörtímabilsins að hefja undirbúning á sölu Símans. Í janúar 2001 gaf framkvæmdanefnd um einkavæðingu út ítarlega skýrslu þar sem fram kemur tillaga að fyrirkomulagi sölunnar. Þar leggur nefndin til þriggja áfanga skiptingu við söluna. Í fyrsta áfanga skyldi lögð höfuðáhersla á sölu til almennings með svipuðum hætti og viðhafður var við sölu á hlutabréfum í Búnaðarbanka og Landsbanka í árslok 1999. Heppilegt var talið að sú sala yrði um 14% heildarhlutafjár í fyrirtækinu og lagt var til að hún færi fram vorið 2001. Í öðrum áfanga yrði leitað eftir kjölfestufjárfesti með það að markmiði að efla

---

<sup>34</sup> Fyrirtæki í eigu EFA og bandaríska áhættufjárfestingarfélagssins Allied Resource Corporation.

<sup>35</sup> *Morgunblaðið*, 14. febrúar 2001, bls. 6,

<sup>36</sup> Framkvæmdanefnd um einkavæðingu (2001).

Íslenska fjarskiptamarkaðinn, styrkja fyrirtækið og auka verðmæti þess við seinni sölu. Gerð var tillaga um að sá hluti yrði um 25% og að salan færi fram síðari hluta ársins 2001 en jafnframt yrði gert ráð fyrir að sá hlutur gæti stækkað í 30-35% í þriðja áfanga sölunnar. Að loknum öðrum áfanga einkavæðingar yrði hluti ríkisins í Símanum 51% en hluti einkaaðila 49%. Í þriðja áfanganum yrði síðan lögð áhersla á dreifða sölu til almennings og fjárfesta en þó yrði að taka tillit til þeirra aðstæðna sem væru ríkjandi á hlutabréfamarkaði varðandi ákvörðun um framkvæmd og tímasetningu þessa lokaáfanga sölunnar.

Þann 24. maí 2001 voru samþykkt á Alþingi lög um heimild til sölu bréfa ríkisins í Landsíma Íslands. Ríkisstjórn Íslands ákvað í kjölfarið að selja skyldi almenningi 16% hlut í áskriftarsölu og innlendum stofnanafjárfestum 8% hlut í þessum fyrsta áfanga. Dagsetning sölunnar var ákveðin 19.-21. september 2001. Þá var einnig ákveðið að bjóða kjölfestuhlut í fyrirtækinu, 25% í fyrstu og möguleika á 10% hlut til viðbótar á næstu árum. Með kjölfestuhlutnum átti að fylgja trygging á að fjárfestirinn fengi að skipa meirihluta af stjórnarmönnum í Símanum, eða fjóra af sjö. Þessi hlutur var aðallega hugsaður fyrir erlenda fjárfesta sem gætu komið með viðbótarþekkingu inn í félagið. Ráðgjafarfyritækið PriceWaterhouse-Coopers (PWC) var fengið til að framkvæma verðmat á Símanum og fyrirhugaða sölu til kjölfestufjárfestis en Búnaðarbanki Íslands sá um söluna á innlendum markaði og gerð sölulýsingar. PWC mat fyrirtækið á rúma 43 milljarða kr. og með hliðsjón af því mati var lágmarksgengi í tilboðssölnunni ákveðið 5,75. Markaðsvirði félagsins var því um 40,6 milljarðar kr. eða um 2,6 milljörðum undir verðmati PWC.<sup>37</sup>

Í áskriftarsölnunni skráðu alls um 2.600 manns sig fyrir hlut í Símanum fyrir um 1.200 Mkr. Einnig bárust 19 kautilboð frá fagfjárfestum sem voru í heild að andvirði 879 Mkr. Samtals bárust því tilboð í hlutafé í þessum hluta fyrir rúma tvo milljarða kr. eða um 5% af heildarhlutafé Símans, en alls hafði 24% hlutur verið til sölu í þessari fyrstu atrennu. Því varð ljóst í lok september 2001 að skráning félagsins á Verðbréfaþing Íslands myndi dragast um sinn.<sup>38</sup> Af þeim sökum sáu ýmsir að sér með kaup á hlut í

---

<sup>37</sup> Landssími Íslands hf. (2002).

<sup>38</sup> Landssími Íslands hf. (2002).

Símanum að svo stöddu þannig að lokaviðskipti í þessum áfanga urðu um 1.087 Mkr. eða 2,69% af heildarhlutafé Símans.

Ýmsar ástæður geta legið fyrir lítilli þátttöku í þessu útboði. Líklegt má þó telja að órói og verðfall á mörkuðum í kjölfar hryðjuverkaárásanna í Bandaríkjunum 11. september 2001 hafi haft mjög neikvæð áhrif. Sér í lagi hafði gengi í fjarskiptafyrirtækjum á erlendum hlutabréfamörkuðum farið lækkandi vikurnar fyrir útboðið.

Varðandi kjölfestuhlutann í Landssíma Íslands hf. bárust 17 yfirlýsingar um áhuga fyrirtækja á honum. Af þeim fyrirtækjum voru sjö valin og þeim sýnd skýrsla sem innihélt viðamiklar upplýsingar um rekstur fyrirtækisins og framtíðaráætlanir. Í kjölfarið bárust sjö óbundin tilboð í Símann og var ákveðið að bjóða þremur þeirra fyrirtækja að halda áfram og senda inn lokatilboð. Tvö lokatilboð bárust, frá bandaríska fjárfestingarsjóðnum Providence Equity annars vegar og TeleDanmark hins vegar, og í kjölfar þess var ákveðið að ganga til enn frekari viðræðna við TeleDanmark. Einkavæðingarnefnd, fulltrúar frá Símanum og TeleDanmark funduðu nokkrum sinnum vegna fyrirhugaðra kaupa en engin niðurstaða fékkst. Í lok febrúar 2002 var loks tilkynnt að viðræðum hefði verið slitið. Jafnframt var þó tilkynnt að Landssími Íslands hf. væri enn til sölu, en eingöngu ef viðunandi verð fengist fyrir hann.<sup>39</sup>

#### 2.3.4 *Steinullarverksmiðjan hf.*

Starfsemi Steinullarverksmiðjunar hf. á Sauðárkróki hófst árið 1985 með framleiðslu á steinull til húseinangrunar. Fyrirtækið var að meirihluta í eigu opinberra aðila, þ.e. Ríkissjóðs Íslands (30,11%) og Sveitarfélagsins Skagafjarðar (23,98%). Auk þeirra var samsteypan Paroc Group Oy AB frá Finnlandi hluthafi að 27,68%. Samanlagt nam eignarhlutur þessara þriggja aðila í Steinullarverksmiðjunni 81,77%.

Árið 2002 barst sameiginlegt tilboð þriggja aðila, Byko hf., Húsasmiðjunnar hf. og Kaupfélags Skagfirðinga, í öll þessi 81,77% upp á samtals um 600 Mkr. og var því

---

<sup>39</sup> Landssími Íslands hf. (2002).

tilboði tekið. Fyrir áttu þessi þrjú fyrirtæki til samans 17,3% hlut í Steinullarverksmiðjunni þannig að í dag er eignarhlutur þeirra samtals rúm 99%.

Eftir að þessi kaup höfðu átt sér stað var málsaðilum tilkynnt að Samkeppnisstofnun teldi ástæðu til frekari rannsóknar á samkeppnislegum áhrifum þessa samruna. Var það einkum sökum þess að Byko hf. og Húsasmiðjan hf. eru auk þess að vera nú meirihlutaeigendur að Steinullarverksmiðjunni einnig stærstu viðskiptavinir hennar. Þar að auki hafa þessi tvö byggingarvörufyrirtæki undanfarin ár verið helstu keppinautar á þessum markaði.

Samkeppnisráð komst að þeirri niðurstöðu með ákvörðun nr. 19/2002 að þessi samruni geti haft skaðleg áhrif á samkeppni á viðkomandi markaði. Í ljósi þess voru sett fram sjö skilyrði gagnvart eignaraðild Byko og Húsasmiðjunnar í Steinullarverksmiðjunni sem eiga að koma í veg fyrir mögulega samkeppnisröskun.

## Heimildaskrá:

- Ákvörðun samkeppnisráðs nr. 36/2000 um yfirtöku Prentsmiðjunnar Odda hf. á Steindórsprenti-Gutenberg hf.
- Ákvörðun samkeppnisráðs nr. 19/2002 um kaup Byko hf., Húsasmíðjunnar hf. og Kaupfélags Skagfirðinga svf. á Steinullarverksmiðjunni hf.
- Ákvörðun samkeppnisráðs nr. 2/2003 um kvörtun vegna Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar.
- Ársreikningar Bifreiðaskoðunar Íslands hf., Bifreiðaskoðunar hf. og Frumherja hf. 1993-1994 og 1996-2001.
- Ársreikningar Ferðaskrifstofu Íslands hf. 1990-1991 og 1998-2001.
- Ársreikningar Íslenska járnblendifélagsins hf. 1995-2001.
- Ársreikningar Íslenskra aðalverktaka hf. 1998-2001.
- Ársreikningar Íslenskrar endurtryggingar hf. 1992-2001.
- Ársreikningar Jarðborana hf. 1990-1991 og 1997-2001.
- Ársreikningar Lyfjaverslunar Íslands hf. 1995-2001.
- Ársreikningar Prentsmiðjunnar Gutenbergs hf. 1990-1991 og 1999-2000.
- Ársreikningar Skýrr hf. 1995-2001.
- Ársreikningar SR-mjöls hf 1993-2001.
- Ársreikningar Þormóðs ramma hf og Þormóðs ramma-Sæbergs hf. 1990-2001.
- Ársreikningar Þróunarfélags Íslands hf. 1993-2001.
- Barnett, S., Davis, J., Ossowski, R. og Richardson, T. (2000), *Fiscal and Macroeconomic Impact of Privatization, Occasional Paper 194*, International Monetary Fund, Washington.
- Blönduð íbúðabyggð skipulögð á svæðinu (2002, 20. febrúar), *Morgunblaðið*, bls. 2.
- Búnaðarbanki Íslands (1999), *Ársskýrsla*, Búnaðarbanki Íslands hf, Reykjavík.
- D'Souza, J., Megginson, W. og Nash, R. (2001), *Determinants of Performance Improvements in Privatized Firms: The Role of Restructuring and Corporate Governance*, University of Oklahoma Working Paper, Oklahoma.
- Framkvæmdanefnd um einkavæðingu (1995), *Framkvæmd einkavæðingar*, Framkvæmdanefnd um einkavæðingu, Reykjavík.
- Framkvæmdanefnd um einkavæðingu (1999), *Einkavæðing 1996-1999*, Framkvæmdanefnd um einkavæðingu, Reykjavík.
- Framkvæmdanefnd um einkavæðingu (2001), *Einkavæðing og sala hlutabréfa ríkisins í Landssíma Íslands*, Framkvæmdanefnd um einkavæðingu, Reykjavík.
- Gupta, N. (2002), Partial Privatization and Firm Performance, *Nota di Lavoro nr. 110.2002, Fondazione Eni Enrico Mattei*, (www.feem.it).
- Há álagning eða kostnaður of mikill (2003, 14. febrúar), *Fréttablaðið*, bls. 8.



- Katsoulakos, Y. og Likoyanni, E. (2002), Fiscal and Other Macroeconomic Effects of Privatization, *Nota di Lavoro nr. 113.2002, Fondazione Eni Enrico Mattei*, (www.feem.it).
- Landsbanki Íslands (1999), *Ársskýrsla*, Landsbanki Íslands hf, Reykjavík.
- Landssími Íslands (2002). *Ársskýrsla*, Landssími Íslands hf, Reykjavík.
- López-Calva, L.F og Sheshinski, E. (2000), *Privatization and its Benefits: Theory, Evidence and Challenges*, Harvard Institute for International Development, Harvard University, Boston.
- Mahboobi, L. (2001), *Recent Privatisation Trends*, OECD.
- Netter, J. og Megginson, W. (2001), From State to Market: a Survey of Empirical Studies on Privatization, *Journal of Economic Literature* 39, nr. 2.
- Nicoletti, G. og Scarpetta, S. (2003), *Regulation, Productivity and Growth: OECD Evidence*, OECD Economics Department Working Paper nr. 347.
- Ómar Friðriksson (1999, 17. nóvember), Mjúk lending eftir miklar sviptingar. *Morgunblaðið*, bls. 34-35.
- Úrskurður áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 4/2001 í máli Prentsmiðjunnar Odda hf. og Búnaðarbanka Íslands hf. gegn samkeppnisráði.*
- Skarphéðinn B. Steinarsson. (1997), Einkavæðing á Íslandi. Í greinasafninu *Einkavæðing á Íslandi*, Ritsj. Skarphéðinn B. Steinarsson Finnur Sveinbjörnsson og Hallur Hallsson, Framkvæmdanefnd um einkavæðingu og Samtök verðbréfafyrirtækja, Reykjavík.
- Þingspegill, gagnabanki.